

## Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar eftir að málið gekk til hennar 11. september sl. Nefndin hefur haldið fjölda funda um málið og kallað fjölmarga gesti á sinn fund. Þar má nefna fulltrúa 42 sveitarfélaga, fulltrúa nokkurra landshlutasamtaka sveitarfélaga og fulltrúa allra ráðuneyta, Hagstofunnar, Ríkisendurskoðunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga o.fl.

Afar ánægjulegt er að tekjur ríkisins aukast og þriðja árið í röð stefnir í hallalausan ríkisrekstur. Tekjuaukning hefur verið nýtt til þess að auka framlög til grunnþjónustu. Nokkuð hefur áunnist í þessum efnum þar sem ríkissjóður er nú rekinn hallalaus, sem er grundvallaratriði, en nokkuð er í land með að hefja niðurgreiðslu skulda og vaxtakostnaður er áfram þriðji útgjaldasamasti málaflökkurinn á eftir heilbrigðismálum og almannaþryggingum. Að áliti meiri hlutans er því full ástæða til að beita aðhaldi á gjaldahlið fjárlaga og nýta uppganginn í atvinnulífinu og þar með auknar ríkistekjur til þess að niðurgreiðslur skulda geti orðið algert forgangsatríði á næstu árum. Einnig verður að forgangsraða í ríkisrekstri.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á gjalda- og tekjuhlíð fjárlagafrumvarpsins auk þess sem meiri hlutinn kemur á framfæri áherslumálum í ríkisrekstri sem varða nokkra lykilþætti, svo sem tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar og þar með sameiningu ríkisstofnana og þróun ríkisrekstrarins á komandi árum. Einnig er lýst áhyggjum af þróun mála við lagasetningu þegar samþykkt eru ákvæði sem eru íþyngjandi fyrir rekstur sveitarfélaga eða setja stóraukið eftirlit á aðila á markaði án þess að fjármagn fylgi að sama skapi. Núverandi fjárlaganefnd hefur lagt mikla áherslu á að stofnanir ríkisins stórauki útboð og beiti hagkvæmstu leiðum við öll innkaup. Sérstaka umfjöllun er að finna um stefnumörkun samgönguframkvæmda, þróunaraðstoð og hafnarframkvæmdir. Loks er vakin athygli á þróun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs sem hækka ár frá ári og að öllu óbreyttu verða B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga uppurin árið 2027 sem kallar á 20 milljarða kr. árleg útgjöld í 10 ár þaðan í frá áður en þau fara aftur lækkanði.

Meiri hlutinn bendir á að uppsöfnuð fjárfestingarþörf í innviðum, svo sem samgöngumannvirkjum, og breytt aldurssamsetning þjóðarinnar kallar á aukin útgjöld í öldrunarþjónustu. Einnig er lögð minni áhersla hérlendis á framlög til háskóla en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Þetta kallar á forgangsroðun.

Meiri hlutinn gerir breytingartillögu við tekjuáætlun frumvarpsins sem nemur 4.236,3 millj. kr. til hækkunar tekna og einnig breytingartillögu við sundurliðun 2, þ.e. fjármál ríkisadila í A-hluta, sem samtals nemur 8.802,7 millj. kr. til hækkunar gjalda. Á rekstrargrunni verða því heildartekjur ársins 700.555,3 millj. kr. og gjöldin 689.835,2 millj. kr. Heildarafkoman verður því þannig að afgangur verður 10.720,1 millj. kr. sem er rúmlega 4,5 milljörðum kr. lægra en gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á 2. gr. frumvarpsins um sjóðstreymi, 5. gr. um lántökuheimildir ríkissjóðs og 6. gr.

sem fjallar um ýmsar heimildir sem einkum snúa að kaupum og sölu eigna. Einnig er gerð breytingartillaga við sundurliðun 4 sem varðar fjárreiður Lánasjóðs íslenskra námsmanna í C-hluta.

Hvað varðar viðbótarheimildir í 6. gr. leggur meiri hlutinn til almenna heimild fyrir Jarðasjóð til að selja þær jarðir sem ekki eru nýttar til ábúðar í því skyni að koma þeim í ábúð eða nýta þær á annan hátt. Mikilvægi heimildarinnar tengist t.d. samstarfsverkefni Byggingastofnunar og Skaftárhrepps um brothætta byggð í Skaftárhreppi en þar og í fleiri sveitarfélögum hefur verið bent á þörf á úrbótum í innviðum. Sérstaklega þarf að endurbæta dreifikerfi raforku og fjarskipti. Þá hefur ekki síður verið sjónarmið heimamanna að skýra stefnu ríkisins um notkun á jörðum í eigu hins opinbera skorti. Fram hefur komið að nokkurt los er á eftirfylgni með framtíðarfyrirkomulagi á búsetu á jörðum sem eru að falla úr ábúð og notkun þeirra. Slík óvissa veikir framtíð byggðar í Skaftárhreppi, en allmargar jarðir þar eru í eigu hins opinbera og þegar búseta endurnýjast ekki veikist byggðin. Meiri hlutinn leggur til að reynt verði að selja jarðir og ráðstafa andvirðinu að hluta til eða öllu til endurnýjunar á dreifikerfi raforku og lagningu ljósleiðara. Leitast verði við að selja jarðir til ábúðar eða sameiningar við aðrar bújarðir eftir hefðbundnu söluferli eigna hins opinbera. Þar sem söluferli jarða er langt og óvíst um framgang verður ekki ráðist í framkvæmdir fyrir en fjárhæð sölu og umfang liggur fyrir.

Í milljörðum kr.	Fjárlagafrumvarp	Breytingartillaga við 2. umr.	Samtals
Frumtekjur	679,7	5,1	684,8
Frumgjöld	606,6	10,6	617,2
<b>Frumjöfnuður</b>	<b>73,1</b>	<b>-5,5</b>	<b>67,6</b>
Vaxtatekjur	16,6	-0,9	15,8
Vaxtagjöld	74,4	-1,8	72,6
<b>Vaxtajöfnuður</b>	<b>-57,8</b>	<b>1,0</b>	<b>-56,9</b>
Heildartekjur	696,3	4,2	700,6
Heildargjöld	681,0	8,8	689,8
<b>Heildarjöfnuður</b>	<b>15,3</b>	<b>-4,6</b>	<b>10,7</b>

Tillögur um hækkun tekna byggjast langflestar á endurmati fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Tekjuáætlunin í frumvarpinu byggist að miklu leyti á þjóðhagsáætlun frá því í júní. Hagstofa Íslands hefur nú endurmetið þjóðhagshorfur og birti nýja spá 13. nóvember sl. Í kjölfarið hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið endurmetið tekjuspá sína og skýrir það allar breytingartillögur við tekjuhliðina. Auk nýrrar þjóðhagsspár býr ráðuneytið yfir uppfærðum tölum um innheimtuhlutfall það sem af er árinu og endanlega álagningu skatta fyrir liðið ár.

Tekjurnar hækka í heild um 4,2 milljarða kr. Skatttekjur hækka samtals um 5,3 milljarða kr. og munar þar langmest um 5,5 milljarða kr. hækkun virðisaukaskatts. Grunnáhrif af hækkun á tekjuáætlun ársins 2015 hafa mest áhrif á endurmatið. Á árinu 2015 er um að ræða hækkun á grundvelli gagna um álagningu virðisaukaskatts á 4. tímabili (júlí–ágúst), innheimtugagna fram til miðs nóvember og nýjustu hagnýta um þróun innlendrar eftirspurnar. Helstu þjóðhagslegar forsendur sem skipta máli fyrir endurmat á áætlun ársins 2016 eru einkaneysla og verðbólga. Nú er talið að einkaneysla aukist meira en verðbólga verði minni en áætlað var í fyrri þjóðhagsspá.

Á móti vegur að endurmat skatta á tekjur og hagnað bendir til samtals 2,7 milljarða kr. lækkunar frá frumvarpinu. Tryggingagjöld standa því sem næst í stað en ýmsir skattar á vöru

og þjónustu, aðrir en virðisaukaskattur, skila samtals 1,3 milljörðum kr. umfram fyrri áætlunir og munar þar mest um endurmat til hækkunar vörugjalda, olúgjalds og áfengisgjalds. Hins vegar lækkar áætlunin vegna aðflutningsgjalda og bifreiðagjalda.

Aðrar tekjur en skatttekjur eru nú áætlaðar 1,1 milljarði kr. lægri en í frumvarpinu og skýrist það nær alfarið af lækkun vaxtatekna um 0,9 milljarða kr.

Meiri hlutinn telur miklar líkur á því að arðgreiðslur frá Landsbankanum verði hærri en þær 7,1 milljarður kr. sem áætlað er í frumvarpinu. Í ljósi reynslu liðinna ára og athugunar á milliuppgjöri bankans það sem af er árinu er líklegt að arðgreiðslur verði allnokkrum milljörðum kr. hærri en áætlun. Engu að síður gætir meiri hlutinn að almennum varúðarsjónarmiðum og leggur því ekki til hækkun á áætlun um arðgreiðslur.

Á gjaldahlið er nú áætlað að hækkun verði um 8,8 milljarðar kr. af margvíslegum tilefnum. Það sem þyngst vegur er endurmat á launagrunni fjárlaga vegna áhrifa kjarasamninga sem samtals leiða til tæplega 5 milljarða kr. hækkunar. Reyndar vegur á móti á þeim lið að verðbólguþá er lækkuð bæði fyrir árið 2015 og í nýrri spá fyrir árið 2016 þar sem nú er gert ráð fyrir að hækkun milli ára verði 3,2% og lækki um 1,3% frá frumvarpinu. Samtals breytast verðlagsforsendur úr 3,8% í 2,2% og lækka því gengis- og verðlagsbætur um 2,3 milljarða kr. vegna þessa. Nettóáhrif launa-, verðlags- og gengisbreytinga eru því 3 milljarðar kr. til hækkunar.

Af öðrum breytingum vega þyngst margvíslegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar, samtals að fjárhæð 4,9 milljarðar kr. Þar af eru 1 milljarður kr. til aðstoðar við hælisleitendur og flóttafólk, og tillaga um 840 millj. kr. í tímabundið átak til að stytta biðlista eftir tilteknum aðgerðum í heilbrigðiskerfinu, svo sem kransæðapræðingum, liðskiptaaðgerðum og augnsteinaaðgerðum. Einnig er lagt til 490 millj. kr. framlag til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum og 400 millj. kr. til að efla almenna löggæslu, 250 millj. kr. til aðgerða í loftslagsmálum, 280 millj. kr. í rannsóknarverkefni um lifrabólgu C, 150 millj. kr. til Húsafriðunarsjóðs til að styrkja skipulag verndarsvæða í byggð og 150 millj. kr. til rannsókna á sviði ferðamála. Þá er gerð tillaga um 75 millj. kr. tímabundið framlag í þrjú ár til byggingar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri. Aðrar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar vega minna.

Að auki leggur meiri hlutinn til að bætt verði við gjaldaheimildum í tilteknum mála-flokkum. Þar má nefna 400 millj. kr. til hafnarframkvæmda og er sérstaklega fjallað um framkvæmdir á því sviði í álitinu. Þá eru aðrar 400 millj. kr. ætlaðar til uppbyggingar á flugvöllum innan lands og 235 millj. kr. til Vegagerðarinnar. Til Fjarskiptasjóðs eru veittar tímabundið 200 millj. kr. til að hraða uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða sem er skýrt nánar síðar í álitinu. Loks er gerð tillaga um 100 millj. kr. til heilbrigðisstofnana en önnur lækkunartilefni vega minna.

Á móti vegur að ýmis hagræn og kerfislæg útgjöld lækka. Þar munar mest um 490 millj. kr. lækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna þar sem nýjum lánþegum fækkar og 350 millj. kr. lækkun til Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem atvinnuleysi er nú áætlað 2,9% í stað 3% áður. Önnur lækkunartilefni vega mun minna.

### **Umbætur í ríkisrekstri – hagræðingarhópur.**

Meiri hlutinn hefur borið saman þróun ríkisútgjalda einstakra ríkisstofnana allt frá árinu 2007. Margt athyglisvert kemur í ljós við þá skoðun, t.d. að útgjöld stofnana hafa aukist mjög mismikið á þessu tímabili og frávikin verða ekki alltaf skýrð með tilfærslu verkefna eða saminingum stofnana. Tillögur hagræðingarhópsins voru lagðar fram í nóvember 2013 og hluti

þeirra tillagna var nýttur strax við fjárlagagerð næsta árs. Til upprifjunar eru hér markmið hópsins í fjórum liðum:

- Að styrkja markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög næstu árin.
- Að gera ríkisbúskapinn sjálfbæran til lengri tíma og þarf þá sérstaklega að horfa til núverandi skuldsetningar og fyrirséðrar aukningar á útgjöldum, ekki síst vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar.
- Að bæta hagkvæmni og árangur í ríkisrekstri þannig að unnt verði að veita góða og öfluga þjónustu í samræmi við þarfir þjóðarinnar.
- Að gera rekstur ríkisins skilvirkari og auka framleiðni.

Tillögur hópsins voru flokkaðar þannig að þær teldust vera 110 talsins. Einstökum ráðherrum var falið að leggja mat á tillögurnar og koma þeim í framkvæmd. Athugun nefndarinnar hefur leitt í ljós að 24 þeirra hafa komist í framkvæmd, 48 eru í vinnslu og 7 eru komnar í þinglega meðferð. Samtals eru 8 tillögur enn í forathugun en ekkert hefur verið aðhafst með 23 þeirra. Meiri hlutinn mun áfram hvetja til þess að tillögurnar verði framkvæmdar.

Í kjölfar vinnu hagræðingarhópsins hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið hafið undirbúning að frumvarpi um heildarlög fyrir stofnanakerfi ríkisins. Frumvarpinu er ætlað að taka til allra stofnana og stjórnarsýslukerfisins í heild, rekstrarforms ríkisrekstrar, yfirstjórnarhlutverks ráðuneyta, forstöðumanna og stjórna stofnana. Í því felast fjölmargar tillögur sem ætlað er að bæta verklag stjórnarsýslunnar og gera hana skilvirkari samhliða því að bæta kerfislæga þætti eins og almenna þjónustu, réttindamál og fleira sem snýr að almenningi, viðskiptavinum og atvinnulífi. Umbótaverkefni geta snúið að almennri hagræðingu, endurskipulagningu verkefna eða stofnana, nýsköpun í opinberri þjónustu, rafrænni stjórnarsýslu og framþróun í upplýsingatæknimálum. Í þessu sambandi vekur meiri hlutinn athygli á að sýslumannsembætti á Blönduósi tekur að sér innheimtu fyrir fjölmarga ríkisaðila og nær þannig fram samlegðaráhrifum sem stórlækkar innheimtukostnað einstakra ríkisaðila.

### **Innkaupa- og útboðsmál.**

Fjárlaganefnd hefur á síðustu tveimur árum lagt mikla áherslu á útboðs- og innkaupamál hjá ríkisstofnunum. Innkaup eru oft á hendi fjölmargra aðila og því er mikilvægt að leggja þeim í hendur markvisst verklag og skilvirk verkfæri til þess að árangur verði sem bestur. Í árgömlu nefndaráliti meiri hlutans um síðasta fjárlagafrumvarp var ítarlega farið yfir þessi mál og þar kom fram að meiri hlutinn hefði hug á að styðja við þessi verkefni eftir því sem kostur er og mundi knýja á um að verulegt átak í innkaupa- og útboðsmálum hjá ríkinu skilaði árangri sem allra fyrst. Það hefur nú að hluta til gengið eftir með því að fjármála- og efnahagsráðherra hefur gert verkefni á sviði innkaupamála að forgangsatríði eftir að mikilvægri greiningarvinnu lauk. Niðurstaða þeirrar vinnu er að ná megi umtalsverðri hagræðingu með því að breyta áherslum í innkaupamálum, t.d. með ítarlegri áætlanagerð og sameiginlegum innkaupum stofnana. Ráðherra hefur fært til starfsfólk og ráðstafað um 60 millj. kr. í tímabundið verkefni með þremur til fjórum nýjum störfum til þess að vinna að þessum málum auk átaks til að greina og meta framleiðniþróun.

### **Þróunaraðstoð.**

Í samræmi við stefnumörkun á undanförunum árum hafa framlög til þróunaraðstoðar verið stóraukin. Miðað hefur verið við að aðstoðin nemi 0,21% af vergum þjóðartekjum og á grunni þessa viðmiðs hafa framlög til Þróunarsamvinnustofnunar hækkað um 690 millj. kr. eða um 50% frá árinu 2011. Meiri hlutinn vekur athygli á því að samkvæmt alþjóðlegum við-

miðum, svokölluðum DAC-OECD-viðmiðum hefur tíðkast að miða útgjöld til þróunaraðstoðar við hlutfall af þjóðartekjum. Meiri hlutinn bendir á að hlutfallið hefur ekki verið reiknað rétt þar sem stór hluti útgjalda vegna hælisleitenda ætti að flokkast sem þróunaraðstoð. Ef rétt er reiknað er hlutfall Íslands um 0,25% af þjóðartekjum og enn hærra ef verkefni Þróunarsjóðs EFTA sem snúa að flóttamönnum eru meðtalin. Útreikningar af þessu tagi virðast ekki fyllilega sambærilegir milli ríkja en nefna má að annars staðar á Norðurlöndunum er verið að draga úr almennri þróunaraðstoð á móti stóru auknum kostnaði vegna flóttamanna. Meiri hlutinn telur ámælisvert að allur kostnaður vegna þróunaraðstoðar er ekki gefinn upp sem slíkur og ljóst að umræða um hlutfall Íslands er ekki byggð á réttum upplýsingum. Ef stjórnvöld ætla að halda sig við markmið um 0,21% eru framlögin mun hærri en því nemur og munar þar nokkur hundruð milljónum.

### **Íþyngjandi löggjöf.**

Meiri hlutinn vekur athygli á því að í störfum fjárlaganefndar hefur komið fram að margvísleg löggjöf leggur íþyngjandi byrðar á sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga í rekstri án þess að afleiðingar þessu séu greindar sérstaklega. Rétt þykir að nefna tvenns konar dæmi. Það fyrra varðar framkvæmd löggjafar um dýravelferð sem er á ábyrgð Matvælastofnunar. Ekki hefur verið gerð nákvæm úttekt á þeim kostnaði en við umræður í nefndinni var í haust staðnæmst við vöxt á útgjöldum Matvælastofnunar þar sem framlög á fjárlögum til stofnunarinnar hafa aukist um 136% frá 2007 á sama tíma og meðaltal ríkisstofnana er í kringum 76%. Hlutverk Matvælastofnunar er viðamikild og yfirtók hún verkefni margra stofnana við sameiningu þeirra í Landbúnaðarstofnun er seinna varð Matvælastofnun við innleiðingu löggjafar um matvælaframleiðslu. Síðar hefur stofnunin tekið við fleiri verkefnum og hefur á undanförunum tveimur árum hrundið í framkvæmd löggjöf um dýravelferð. Samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti nemur árlegur viðbótarkostnaður stofnunarinnar um 120–130 millj. kr. en í kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins var gert ráð fyrir 96 millj. kr. viðbótarkostnaði á ári.

Reynslan af innleiðingu nýrra laga sýnir að verulegur kostnaður umfram áætlun er staðreynd. Ekki var óskað eftir samantekt um aukinn kostnað atvinnulífsins af rekstri Matvælastofnunar eða beint af þeirri löggjöf sem nefnd er hér. Hins vegar er ljóst að verulegum hluta af rekstrarkostnaði stofnunarinnar hefur verið velt út í gegnum gjaldskrár og örðugt er að meta hve gagnsætt það ferli er og hvaða kostnað nákvæmlega er réttlætjanlegt að innheimta með slíkum sértekjum. Meiri hlutinn telur að rekstrarumfang Matvælastofnunar og fleiri eftirlitsstofnana verði stöðugt að vera undir ströngu eftirliti, ekki síst til að missa ekki sjónar af nauðsynlegum þáttum og tilgangi þeirra heldur einnig til að ekki verði um íþyngjandi kostnaðarauka atvinnulífsins að ræða sem aftur leiðir til minni framlegðar. Meiri hlutinn brýnir ráðherra einstakra málaflokka að huga að uppbyggingu, starfsemi og tilgangi margvíslegra eftirlitsstofnana og eiga um það samvinnu við atvinnulífið sem þær þjóna. Samhent átak um lægri skattheimtu og minni umsvif í ríkisrekstri er atvinnulífinu og ríkissjóði til hagsbóta. Meiri hlutinn bendir á að með stefnumörkun um leiðbeiningarskyldu hins opinbera megi draga verulega úr kostnaði við málarekstur eftirlitsstofnana og samkvæmt stefnuyfirlýsingu er einfaldara regluverk fyrir atvinnulífið eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar.

Annað dæmi og mun umfangsmeira frá fjárhaglegu sjónarmiði eru málefni fatlaðra en ábyrgð á þeim málaflökki fluttist frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011. Frá þeim tíma hefur Alþingi samþykkt lagabreytingar, aðgerðaáætlun og svokallað NPA-verkefni sem allt eykur kröfur til þjónustu sveitarfélaganna í málaflöknum og eykur þar með kostnað. Nákvæmt yfirlit um aukin fjárútlát liggja ekki fyrir en á fundum nefndarinnar kom fram að

nær öll sveitarfélög reka málaflokkinn með tapi. Meiri hlutinn telur brýnt að við lagasetningu sé gætt að því að ekki séu lagðar nýjar skyldur á sveitarfélögin nema jafnframt sé fjallað um hvernig fara skuli með útgjöld sem þeim fylgja. Fjárlaganefnd hefur ekki tekið saman nákvæmt yfirlit um þennan kostnað en telur nauðsynlegt að Alþingi hugi að þessum málum í framtíðinni. Um margra ára skeið hefur staðið til að málefni aldraðra færast til sveitarfélaga, þ.m.t. rekstur og ábyrgð á öldrunarstofnunum. Meiri hlutinn telur að þessi tilfærsla sé ekki raunhæf eins og er. Í ljósi reynslunnar er talið fyrirséð að sveitarfélögin geti ekki staðið undir kröfum um aukin útgjöld málaflokksins nema Alþingi samþykki lög sem dragi úr kröfum til öldrunarþjónustu.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hver útgjaldaþróun nokkurra eftirlitsstofnana hefur verið frá árinu 2007.

Millj. kr.	2007	2016	Hækkun	Hlutfall
Fjármálaeftirlitið	564	1.711	1.147	203%
Mannvirkjastofnun	207	540	333	160%
Jafnréttisstofa	41	99	57	139%
Matvælastofnun	659	1.547	888	135%
Fjölmiðlanefnd	10	41	31	306%
Lyfjastofnun	251	511	260	104%
Umboðsmaður Alþingis	101	203	101	100%
Landlæknir	590	1.099	508	86%
Samkeppniseftirlitið	258	435	178	69%
Póst- og fjarskiptastofnunin	254	375	120	47%
Vinnueftirlit ríkisins	463	666	203	44%
Umhverfisstofnun	764	1.077	313	41%
Ríkisendurskoðun	411	548	137	33%
Hafrannsóknastofnunin	1.401	1.837	436	31%
Geislavarnir ríkisins	73	95	21	29%
Fiskistofa	793	893	99	13%
Samgöngustofa	1.385	1.457	72	5%
Samtals	8.226	13.131	4.905	60%

Athygli vekur hvað hækkunin frá ríkisreikningi 2007 til fjárlagafrumvarps 2016 er mishá. Í einhverjum tilvikum skýrist það af flutningi verkefna milli stofnana, t.d. hafa verkefni verið flutt frá Samgöngustofu. Rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins hefur tvöfaldast á tímabilinu, Mannvirkjastofnunar um 160% miðað við forvera þess og fjölmiðlanefnd er þrefalt dýrari en útvarpsréttarnefnd var árið 2007. Aukin útgjöld þessara aðila eru oftár en ekki fjármögnuð beint af atvinnulífinu og koma t.d. fram í auknum kostnaði fjármálastofnana vegna Fjármálaeftirlitsins og rekstri fasteigna vegna Mannvirkjastofnunar.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að markmið opinbers eftirlits þurfi að vera skýr og mælanleg þannig að hægt sé að leggja mat á árangur þess. Einnig er nauðsynlegt að ekki sé stofnað til eftirlits nema ávinningurinn sé meiri en sá kostnaður eða óhagræði sem það hefur í för með sér. Opinbert eftirlit þarf að vera þrepaskipt og umfang þess verður að taka mið af þeirri áhættu sem um er að ræða í hverju tilfelli. Loks er nauðsynlegt að við starfsemi sem krefst opinbers eftirlits sé áhersla lögð á verkferla og gæðakerfi sem miðast við umfang starfseminnar og þá áhættu sem um er að ræða í hverju tilfelli fyrir sig.

### **Framlög til samgönguframkvæmda.**

Við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið kom skýrt fram hjá þeim sem sendu umsögn um frumvarpið að úrbætur í samgöngumálum væri eitt brýnasta verkefnið sem ráðast þyrfti í. Meiri hlutinn ítrekar að til að geta unnið að verulegum framförum í þeim efnum þurfa allmargir þættir í þjóðarbúskapnum að vera í góðu samspili. Efnahagsástand og framkvæmdastig opinberra framkvæmda hafa þar veruleg áhrif en fyrst og síðast geta ríkissjóðs til að ráðast í svo dýrar fjárfestingar sem samgönguframkvæmdir eru. Til að raunhæfar og árangursríkar áætlanir um uppbyggingaráform geti staðist þarf fyrst og fremst að lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs og þar með greiða niður skuldir hans. Fáar aðrar leiðir eru áhrifa-meiri. Með batnandi stöðu ríkissjóðs aukast möguleikar til umbóta í samgöngukerfinu. En fleiri leiða en beinna framlaga úr ríkissjóði verður að leita til viðbótar. Meiri hlutinn bendir á brýn samgönguverkefni eins og tvöföldun Vesturlandsvegar, Sundabraut og breikkun Suðurlandsvegar sem dæmi um verkefni sem vel má leita annarra leiða til að fjármagna og framkvæma og koma sem hraðast áfram. Meiri hlutinn vill að við endurskoðun samgönguáætlunar verði kannaðir aðrir kostir til viðbótar beinum fjárveitingum til þessara vega. Meiri hlutinn ítrekar að um umferðarmestu samgönguæðar landsins er hér að ræða og umferðaröryggi þar og annars staðar ætti að forgangsraða framkvæmdum. Því er ekki óeðlilegt að kostir fjármögnunar með veggjöldum verði hluti af slíkri fjármögnun. Þó verður að gæta samræmis í slíkri innheimtu þannig að aldrei verði sérstök gjaldheimta á einum anga þess kerfis umfram annan.

Annars staðar á landinu er brýnt vegna umferðaröryggis og byggðamála að reyna að hraða sem mest framkvæmdum á tengivegum. Þúsundir kílómetra af malarvegum eru enn án slitlags. Mikil umferð er á mörgum þessara vega og daglega þarf fólk að sækja vinnu og skóla eftir þeim. Með breyttu atvinnu- og búsetumunstri fjölga enn þeim sem sækja vinnu um langan veg frá heimili. Með óbreyttum fjárframlögum tekur áratugi að endurbæta vegi og koma á viðunandi samgöngubótum. Með sameiningu sveitafélaga og hagræðingu í rekstri grunnskóla hefur vegalengd og tími í skólabílum aukist verulega víða um land. Meiri hlutinn mælist því til þess að skoðaðir verði kostir þess að leggja slitlag á vegi án verulegra framkvæmda, mögulega án þess að breyta þar hámarkshraða, til að flýta sem mest bættum samgöngum.

### **Hafnarframkvæmdir.**

Meiri hlutinn gerir tillögu um 400 milljóna kr. viðbótarfé í Hafnabótasjóð til endurnýjunar á bryggjum og dýpkunar í löndunarhöfnum. Frá árinu 2008 hefur endurbyggingu bryggja lítið verið sinnt en þónokkrar bryggjur í löndunarhöfnum eru orðnar hættulegar þar sem burðar-geta þeirra er ekki lengur nægjanleg. Oftast er um að ræða stálþilsbryggjur þar sem efnisþykkt þils var í upphafi um 10 mm en vegna tæringar er þykkt þils komin niður í um 2–4 mm meðalþykkt við stórstraumsfjöruborð. Það þýðir að þilin eru mjög götött á köflum sem gerir það að verkum að komi fullt álag á þessar bryggjur eða hreyfing á jarðveginn, t.d. vegna jarðskjálfta, eru verulegar líkur á að þær gefi sig. Allar bryggjurnar eru enn í fullri notkun þrátt fyrir að teljast hættulegar að mati Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími samkvæmt tillögunni verði 1–3 ár. Gera má ráð fyrir að efniskaup geti tekið allt að 6 mánuði og nemi um 25–30% af kostnaði.

Lagt er til að Vegagerðin noti þetta viðbótarframlag til að flýta framkvæmdum í viðkomandi höfnum þannig að hægt verði að sameina efniskaup og hefja framkvæmdir árið 2016 þar sem mögulegt er. Lögð er áhersla á að leitað verði eftir sameiginlegu tilboði í stálþil vegna þessara framkvæmda.

### **Fjarskiptamál.**

Mörg sveitarfélög sem komu á fund nefndarinnar fjölluðu um þörf á úrbótum í fjarskiptum. Meiri hlutinn leggur til að til viðbótar tillögu í frumvarpinu fái Fjarskiptasjóður 200 millj. kr. til uppbyggingar ljósleiðarakerfa utan markaðssvæða fjarskipta. Við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2015 veitti Alþingi 300 millj. kr. tímabundið framlag í eitt ár til sjóðsins og gerir tillaga þessi því ráð fyrir að hluti þess framlags verði framlengdur. Framlagið fór til hringtengiverkefna á Vestfjörðum og Snæfellsnesi og tengingu ótengdra byggðakjarna samkvæmt gildandi fjarskiptaáætlun. Tillagan í frumvarpinu núna byggist á vinnu starfshóps innanríkisráðherra um úrbætur í fjarskiptamálum, Ísland ljóstengt, og miðast við að mögulegt verði að ljúka þeim uppbyggingaráformum sem hófust árið 2015.

Staða fjarskipta er á margan hátt góð hér á landi og virk samkeppni tryggir flestum markaðssvæðum valkosti um stöðugt afkastameiri og öruggari þráðbundnar nettengingar. Sú uppbygging nær þó ekki til um 3.300 lögheimila og atvinnuhúsnæðis í dreifðari byggðum landsins. Uppbygging ljósleiðarakerfa í dreifbýli mun að takmörkuðu leyti eiga sér stað á markaðslegum forsendum. Því þarf að leggja slíku verkefni til fjármuni. Fyrir liggur greining á umfangi og kostnaði markmiðs um aðgengi að a.m.k. 100 Mb/s nettengingum sem standi öllum til boða óháð búsetu. Takist það er miklum áfanga náð. Unnið er að nánari útfærslu á framkvæmd og fjármögnun tillagna starfshóps innanríkisráðherra sem innlegg í endurskoðaða fjarskiptaáætlun árána 2016–2026. Samleið með öðrum veituframkvæmdum skilar verulegum ávinningi og dæmi eru um slíkt hafi leitt til þess að kostnaðurinn við tiltekna framkvæmd í lagningu ljósleiðara hafi ekki orðið nema um 30% af upphaflegri áætlun. Leggja verður áherslu á að styðja við verkefni sem nýta þennan möguleika sem best.

Áætlaður heildarkostnaður við að tengja 3.300 lögheimili með ljósleiðara og ná þar með 99,9% útbreiðslu á landsvísu er talinn nema um 5.200 millj. kr. Sá kostnaður félli þó ekki allur á ríkissjóð, heldur yrði samstarfsverkefni markaðsaðila og fleiri. Með auknum fjármunum er því hægt að ráðast í fyrstu áfanga ljósleiðaravæðingar landsins ásamt því að ljúka við verkefni á grundvelli fjarskiptaáætlunar sem felst í tengingu byggðakjarna sem ótengdir eru ljósleiðara. Þegar hefur verið auglýst eftir markaðsáformum um tengingu við Drangnes, Kópasker og Raufarhöfn. Á árinu verður unnið að þeim framkvæmdum og seinni hluta hringtengingar Vestfjarða. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar nást hér áfangar í að ljósleiðaravæða landið. Aukin og bætt fjarskipti skipta alla landsmenn máli – útbreiðsla ljósleiðara er nauðsynleg fyrir uppbyggingu atvinnulífs, farneta og ekki síst til að bæta búsetuskilyrði og efla samkeppnishæfni byggðanna.



### Þróun framlaga til heilbrigðismála.

Framlög á fjárlögum til heilbrigðismála hafa stórhækkað í tíð núverandi ríkisstjórnar, sbr. eftirfarandi töflu. Hækkunin er mun meiri en í öðrum málaflokkum ríkisins.

Millj. kr.	Fjárlög 2013	Fjárlög 2014	Fjárlög 2015	Frumvarp 2016	Breyting frá fjárl. 2013	Breyting frá fjárl. 2014	Breyting frá fjárl. 2015	Breyting 2013–2016
Landspítali	38.411	43.025	45.900	49.981	30,1%	16,2%	8,9%	11.570
Sjúkrahús, samtals	43.984	49.504	53.596	59.192	34,6%	19,6%	10,4%	15.208
Heilsugæsla, samtals	7.900	8.085	8.919	10.050	27,2%	24,3%	12,7%	2.150
Heilbrigðisstofnanir, samtals	15.247	16.266	17.376	19.286	26,5%	18,6%	11,0%	4.040
Öldrunarstofnanir og endurhæfing, samtals	25.006	27.033	28.693	31.248	25,0%	15,6%	8,9%	6.242
Tryggingamál, samtals	32.334	33.758	35.150	38.424	18,8%	13,8%	9,3%	6.090
Stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir	1.725	1.824	1.990	2.112	22,4%	15,8%	6,1%	386
Samtals	127.327	137.630	147.077	161.592	26,9%	17,4%	9,9%	34.265

Frá fjárlögum ársins 2013 til fjárlagafrumvarps fyrir árið 2016 er hækkun til Landspítala rúm 30% og 34% til sjúkrahúsa í heild þar sem nú er að hefjast bygging sjúkrahótelis á Landspítalalóðinni. Til samanburðar hafa framlög til stjórnsýslustofnana velferðarráðuneytisins hækkað um 22% á sama tíma.

Með breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar mun eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu aukast verulega og brýnt er að móta heildstæða stefnu um öldrunarþjónustu, jafnt heimaþjónustu, skammtímarými, endurhæfingu og hjúkrunarrými.

### Landspítalinn.

Meiri hlutinn hefur átt gott samstarf við stjórnendur Landspítalans á undanförunum árum og stjórnendur spítalans komu á fund nefndarinnar vegna fjárlagafrumvarpsins. Veruleg raunaukning framlaga til spítalans var í fjárlögum fyrir árið 2014 og hefur heldur verið bætt í þann fjárlagagrunn eins og fram kemur í nefndarálitum meiri hlutans síðan þá. Nú er gerð tillaga um 30 millj. kr. framlag á safnlið velferðarráðuneytisins til þess að fjármagna greiningu og úttekt á rekstri og starfsemi Landspítalans. Stjórnendur og starfsfólk Landspítalans hafa oft náð góðum rekstrarárangri á sl. árum. Sama má segja um heilbrigðisstarfsfólk um land allt og stjórnendur heilbrigðisstofnana. Áherslur eru skýrar og á næsta fjárlagaári verður enn byggt undir góða starfsemi, ekki síst með þeirri áherslu sem nú er lögð á að efla heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Slíkur árangur næst þó ekki nema með ströngu aðhaldi og skýrum markmiðum.

Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að fjármögnun tryggi bestu mögulega þjónustu. Forgangsröðun undanfarinna ára hefur einmitt sýnt þann vilja. Samt verður ekki hjá því komist að á hverjum tíma verður rekstur Landspítalans og annarra stofnanna að vera innan þess ramma sem settur er. Því er nauðsynlegt að halda rekstri Landspítalans innan fjárheimilda. Takist ekki að ná slíku markmiði er nauðsynlegt að leita þeirra leiða sem geta dugað til þess. Forgangsröðun og samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir eru þar á meðal. Það er eindreginn vilji meiri hluta fjárlaganefndar að vinna að slíku.

Einnig vekur meiri hlutinn athygli á verkefni sem Landspítalinn hefur lengi stefnt að, þ.e. innleiðingu DRG-kerfis til framleiðnitengingar á fjárlögum til spítalans. Spítalinn hefur

unnið að þessu verkefni síðustu 15 ár og telur sig tilbúinn að hrinda því í framkvæmd. Fjármögnun af þessu tagi gerir spítalaunum líka kleift að bera sig betur en áður saman við önnur sjúkrahús annars staðar á Norðurlöndunum þar sem DRG-fjármögnun hefur tíðkast um árabil.

### Styrkveitingar og félagasamtök.

Meiri hlutinn telur brýnt að ríkisstjórnin skipi þingmannanefnd í byrjun árs 2016 sem fái það hlutverk að skoða ýmiss konar félagasamtök og fjárveitingar til þeirra, samlegð og rekstrarhagkvæmni. Gott starf er unnið í samfélaginu af félagasamtökum í hinum ýmsu málaflokkum sem spara ríkinu umtalsverða fjármuni. Munar þar sérstaklega um aðila sem eru í hinum svokallaða þriðja geira á sviði velferðarmála. Vakin er athygli á frumvarpi sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur kynnt sem nær til heildarlöggjafar um starfsemi frjálsra félagasamtaka og væntir meiri hlutinn þess að með lögfestingu þess náist fram mikilvægar framfarir á þessu sviði.

Heildaryfirsýn yfir fjárveitingar til þessara aðila er hins vegar ekki næg. Sum félagasamtök hafa gert rekstrarsamninga við einstök ráðuneyti en önnur sækja um styrki á svokölluðum safnliðum og í versta falli senda þau fjárbeiðnir til fjárlaganefndar. Á þessu þarf að gera bragarbót og þar skiptir miklu máli að samlegðaráhrif verði jákvæð, ekki síst fyrir þjónustuþega. Meiri hlutinn lítur svo á að úttekt á þessum fjárveitingum yrði til góðs fyrir alla og hvetur til þess að þegar henni ljúki verði komið á samningum milli aðila og ríkisins til að gera kerfið einfaldara og auka gegnsæi fjárveitinga til þessa góða starfs sem eins og áður segir er unnið víða í samfélaginu.

Engu að síður gerir meiri hlutinn tillögur um einstaka styrkveitingar á safnliðum ráðuneyta en það fyrirkomulag verður tekið til endurskoðunar á næsta ári. Vakin er athygli á því að oft er verulegur afgangur af ýmsum styrkjaliðum einstakra ráðuneyta ár eftir ár og inn eignir jafnvel felldar niður um áramót. Þannig má fullvíst telja að allar minni háttar styrkveitingar rúmist innan núverandi fjárheimilda og mun meiri hlutinn taka mið af því í framtíðinni.

### Ríkisútlagsáhrif ohf.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að á næsta ári er áætlað að Ríkisútlagsáhrif ohf. fái markaðar tekjur vegna útlagsgjalds að fullu eins og alltaf var gert ráð fyrir þegar núverandi ríkisstjórn tók til starfa. Fyrri ríkisstjórn ákvað á sínum tíma að gjaldið næmi 16.400 kr. á hvern einstakling eða lögaðila.

	Útlagsgjald	Innheimta	Breyting milli ára	Hlutfallsbreyting
Árið 2012	18.800 kr.	3.100 m.kr.	75 m.kr.	2,5%
Árið 2013	18.800 kr.	3.195 m.kr.	95 m.kr.	3,1%
Árið 2014	19.400 kr.	3.459 m.kr.	264 m.kr.	8,3%
Árið 2015	17.800 kr.	3.758 m.kr.	299 m.kr.	8,6%

Í töflunni sést að innheimt útlagsgjald hækkaði á sl. tveimur árum um 563 millj. kr. eða tæp 18% sem er mun meira en almennt gerðist með fjárheimildir ríkisstofnana. Um árabil hefur verið ákveðið í fjárlögum að hluti innheimts útlagsgjalds renni beint í ríkissjóð og því sé ekki að fullu ráðstafað sem framlagi til Ríkisútlagsáhrif ohf. Nú er þeirri þróun snúið við og gert er ráð fyrir að 60 millj. kr. hækkun áætlunar um innheimtu gjaldsins skili sér að fullu sem aukið framlag til Ríkisútlagsáhrif ohf.

### **Fjárhagsstaða Íbúðalánasjóðs.**

Í nefndaráliti meiri hlutans um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 kom eftirfarandi fram: „Framlög til Íbúðalánasjóðs hafa numið 53,5 milljörðum kr. frá árinu 2009 og að öllu óbreyttu verða framlögin 5,7 milljarðar kr. á árinu 2015. Að þeim meðtöldum hafa framlögin frá árinu 2009 numið svipaðri fjárhæð og byggingarkostnaði nýs Landspítala. Ef ekkert verður að gert munu framlögin halda áfram að aukast um árabíl. Vinnuhópur á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skilað skýrslu þar sem bent var á að hagkvæmast væri að hætta starfsemi sjóðsins í núverandi mynd og mundi það að öllum líkindum koma í veg fyrir auknar útgreiðslur úr ríkissjóði vegna hans. Mikilvægt er að stjórnvöld taki ákvörðun sem allra fyrst um framtíð sjóðsins með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari útgjöld úr ríkissjóði vegna hans.“

Meiri hlutinn bendir á að ekki hafi verið tekið tillit til þessara athugasemda með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur. Gert er ráð fyrir að enn og aftur komi til framlaga úr ríkissjóði, nánar tiltekið 1.300 millj. kr. á næsta ári. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum nema ný útlán 5.075,1 millj. kr. frá ársbyrjun til októberloka en á sama tíma eru greidd upp lán sem nemur 28,5 millj.kr.

### **Hækkanir launa og lífeyrisskuldbindinga.**

Að lokum vill meiri hlutinn vekja sérstaklega athygli á að á árinu hefur verið samið um launahækkanir sem eru miklu hærrí en á undanförunum árum þrátt fyrir að verðbólga sé í sögulegu lágmarki. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur endurmetið launahækkanir ársins og að meðtalinni 11% launahækkun á yfirstandandi ári er nú talið að uppsöfnuð launahækkun nemi 16,3% árið 2016 og 19% þegar hækkanirnar verða að fullu komnar til framkvæmda. Að meðtöldum launahækkunum sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu og endurmetnum áhrifum launahækkana á árinu 2015 á ársgrundvelli er áætlað að samanlögð útgjaldaaukning vegna launahækkana ríkisstarfsmanna nemi 20,9 milljörðum kr. á árinu 2016.

Þá eru ótalin sambærileg hækkunaráhrif bótaflokka almannatrygginga sem eru talin nema 10,1 milljarði kr. og samtals aukast því útgjöld ríkissjóðs um 32 milljarða kr. á næsta ári vegna launa- og bótahækkana.

Þar með er ekki öll sagan sögð þar sem ekki hefur enn verið lagt mat á áhrif þessa á hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs. Stærðargráðu þeirrar fjárhæðar er hægt að nálgast, að vísu með miklum skekkjumörkum, með því að framreikna skuldbindingar eins og þær standa í árslok 2014. Þær námu þá brúttó 667,5 milljörðum kr. og 435,6 milljörðum kr. ef fyrirframgreiðslur ríkissjóðs eru dregnar frá heildarskuldbindingunni. Áðurnefnd 19% hækkun þegar öll áhrif samninganna verða komin fram hækka þá brúttótöluna upp í 794 milljarða kr. eða um 126,5 milljarða kr. Endanlegt mat liggur ekki fyrir en á næsta ári en leiða má líkur að því að það gæti orðið af þessar stærðargráðu og yrði þá langumfangs-mesta gjaldfærslan í ríkisreikningi þegar þar að kemur.

Um einstakar breytingar á gjaldahlið vísast til skýringa sem fylgja hér á eftir.

# Skýringar við breytingartillögur á gjaldahlið.

## 00-201 Alþingi 75,0

1.01 Alþingiskostnaður  
*Breyttar forsendur*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna þingfararkausps utanþingsráðherra og tengdra greiðslna. Núverandi innanríkisráðherra var skipaður í embætti 4. desember 2014 og samkvæmt venju greiðir Alþingi utanþingsráðherra þingfararkaup. Ekki er lagt til framlag vegna þessara útgjalda í fjárukalögum því talið er að heildarstaða á rekstri Alþingis að teknu tilliti til ónýtttra afgangsheimilda feli í sér svígum fyrir þennan kostnaðarauka á yfirstandandi ári.

## 00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit 75,0

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit  
*Ákvarðanir ríkisstjórnar*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Lagt er til 75 m.kr. framlag til að hefja undirbúning og hönnun að 4.500 fermetra skrifstofubyggingu fyrir Alþingi í stað leiguhúsnæðis og 750 fermetra bílakjallara. Lóð fyrir nýbygginguna er á milli Kirkjustrætis, Vonarstrætis og Tjarnargötu. Nú hefur Alþingi 4.400 fermetra húsnæði á leigu við Austurstræti fyrir nefndir þingsins, þingmenn, þingflokka og starfsmenn skrifstofunnar. Samkvæmt frumkostnaðaráætlun er reiknað með að heildarkostnaður við bygginguna verði um 2,3 mia.kr. og að hún verði reist á árunum 2017-2019.

Við undirbúning framkvæmda skal hafa hliðsjón af þeim áformum sem uppi voru um uppbyggingu á Alþingisreitnum fullveldisárið 1918, sbr. fyrirliiggjandi teikningar Guðjóns Samúelssonar fyrrverandi húsameistara ríkisins og áform um minningarviðburði sem tengjast komandi aldarafmæli fullveldis Íslands.

## 00-212 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna -4,0

1.01 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna  
*Ákvörðun Alþingis*  
*Samþykkt á Alþingi*  
*Alþingi*

Lagt er til að 4 m.kr. framlag til 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna samkvæmt frumvarpinu falli niður þar sem um er að ræða verkefni sem á að rúmast innan fjárveitinga til Jafnréttissjóðs Íslands.

## 00-610 Umboðsmaður Alþingis -13,0

1.01 Umboðsmaður Alþingis  
*Ákvörðun Alþingis*  
*Samþykkt á Alþingi*  
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 13 m.kr. lækkun á framlagi til umboðsmanns Alþingis. Nú er embættið til húsa í Þórshamri við Templarasund sem er í eigu ríkisins en áður leigði embættið skrifstofuhúsnæði á almennum markaði og þá nam húsaleiga rúmunum 13 m.kr. Þar sem embættið greiðir ekki lengur húsaleigu er lagt til að fjárheimild til hennar verði felld niður.

## Samtals æðsta stjórn ríkisins 68,0

## 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa -12,3

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa  
*Millifært*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Vegna skipulagsbreytinga í forsætisráðuneytinu er lagt til að 12,3 m.kr. fjárheimild verði flutt frá aðalskrifstofu ráðuneytisins á nýjan fjárlagalið 01-111 Húsameistari ríkisins, sbr. greinargerð þar. Millifærslan miðar að því að framlag til aðalskrifstofunnar í fjárlögum og skipting þess í laun og önnur gjöld verði sem næst raunverulegum útgjöldum skrifstofunnar og því lækkar launaframlag um 34 m.kr. en framlag til annarra útgjalda hækkar um 21,7 m.kr.

<b>01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa</b>	<b>12,0</b>
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði forsætisráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.
<b>01-111 Húsameistari ríkisins</b>	<b>88,4</b>
1.01 Húsameistari ríkisins <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 88,4 m.kr. rekstrarfjárheimild verði millifærð á þennan nýja fjárlagalið af liðnum 01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Embætti húsameistara ríkisins tekur við þeim verkefnum sem áður voru færð á þann lið í samræmi við breytt skipulag í ráðuneytinu.
<b>01-111 Húsameistari ríkisins</b>	<b>12,3</b>
1.01 Húsameistari ríkisins <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Vegna skipulagsbreytinga í forsætisráðuneytinu er lagt til að 12,3 m.kr. fjárheimild verði flutt frá aðalskrifstofu ráðuneytisins til nýs embættis húsameistara ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjögur stöðugildi við öryggisvakt ásamt afleysingum og eitt stöðugildi embættismanns flytjist frá aðalskrifstofu til húsameistara en á móti kemur að útgjöld sem tengjast með beinum hætti húsnæðiskostnaði ráðuneytisins, svo sem húsaleiga, ræsting, rafmagn og hiti, flytjast frá húsameistara til aðalskrifstofu. Millifærslan miðar að því að framlag til embættis húsameistara ríkisins í fjárlögum og skipting þess í laun og önnur gjöld verði í samræmi við rekstraráætlun embættisins. Framlag til launa hækkar því um 52,3 m.kr. en framlag til annarra gjalda lækkar um 40 m.kr. Embætti húsameistara ríkisins mun sinna alfarið rekstri bygginga ráðuneytisins sem eru í ríkiseigu en það eru Stjórnarráðshúsið, ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu og Þingvallabærinn. Auk þess mun embættið sinna viðhaldi ríkiseigna og húsakosti í notkun hjá embætti forseta Íslands á Bessastöðum og Staðastað. Þau útgjöld hafa til þessa verið færð á fjárlagaliðinn 01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis sem nú fellur brott úr fjárlögum. Gert er ráð fyrir að fjárheimildastaða þess liðar í lok árs 2015 verði flutt yfir á árið 2016 og verði þar til ráðstöfunar fyrir hið nýja embætti til ólokinnna verkefna.
<b>01-111 Húsameistari ríkisins</b>	<b>17,5</b>
5.21 Viðhald fasteigna <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 17,5 m.kr. tímabundið framlag til viðgerða og viðhalds á Bessastöðum sem talið er brýnt að ráðist verði í á næsta ári. Um er að ræða viðbót við 22,5 m.kr. tímabundið framlag samkvæmt frumvarpinu þar sem nú er talið að kostnaður við framkvæmdir á Bessastöðum á næsta ári verði um 40 m.kr.
<b>01-111 Húsameistari ríkisins</b>	<b>10,0</b>
5.21 Viðhald fasteigna <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til viðhalds á ráðherrabústaðnum á Þingvöllum. Um er að ræða viðhald og endurbætur innan húss í Þingvallabænum sem fyrirhugað er að sinna á næsta ári.

<b>01-111 Húsameistari ríkisins</b>	<b>50,5</b>
5.21 Viðhald fasteigna <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 50,5 m.kr. fjárheimild til viðhaldsverkefna verði millifærð á þennan nýja fjárlagalið af liðnum 01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Embætti húsameistara ríkisins tekur við þeim verkefnum sem áður voru færð á þann lið í samræmi við breytt skipulag í ráðuneytinu.
<b>01-190 Ýmis verkefni</b>	<b>5,0</b>
1.90 Ýmis verkefni <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Lions-hreyfingarinnar vegna framboðs til heimsforseta.
<b>01-190 Ýmis verkefni</b>	<b>30,0</b>
1.90 Ýmis verkefni <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 30 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til þverfaglegra rannsókna á sviði norðurslóðaréttar. Margt bendir til að efnahagssumsvif á norðurslóðum aukist verulega á næstu árum sem gæti falið í sér viðskipta- og atvinnutækifæri fyrir Íslendinga. Gert er ráð fyrir að lagadeild og hagfræðistofnun Háskóla Íslands hrindi úr vör nauðsynlegum þverfaglegum rannsóknum á þessu sviði í samstarfi við einkaaðila og opinbera aðila. Sem dæmi má nefna skattamál, hafréttarmál, Evrópuréttarmál og álitamál tengd raforku, vindorku, olfu og gasi.
<b>01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis</b>	<b>-88,4</b>
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 88,4 m.kr. rekstrarfjárheimild verði millifærð af þessum lið á nýjan lið, 01-111 Húsameistari ríkisins. Með breyttu skipulagi í ráðuneytinu tekur embætti húsameistara við verkefnum sem áður voru færð á þennan lið sem fellur brott úr fjárlögum.
<b>01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis</b>	<b>-50,5</b>
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 50,5 m.kr. fjárheimild til viðhaldsverkefna verði flutt af þessum lið á nýjan lið, 01-111 Húsameistari ríkisins. Með breyttu skipulagi í ráðuneytinu tekur embætti húsameistara við þeim verkefnum sem áður voru færð á þennan lið sem fellur brott úr fjárlögum.
<b>01-311 Þjóðminjasafn Íslands</b>	<b>13,0</b>
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 13 m.kr. tímabundið framlag til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands til að ganga frá kaupum á friðlýstu sumarhúsi Einars Jónssonar myndhöggvara ásamt lóð og meðfylgjandi húsum að Galtafelli í Hrunamannahreppi. Í tillögunni felst að húsið verði varðveitt sem hluti af húsasafni Þjóðminjasafnsins. Safninu verður falið að móta tillögur um varðveislu, umsjón og framtíðarnýtingu hússins.
<b>01-321 Minjastofnun Íslands</b>	<b>37,0</b>
1.01 Minjastofnun Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 37 m.kr. tímabundið framlag til þriggja verkefna sem skiptist þannig: 20 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar á eldra húsnaði í tengslum við gamla Kvennaskólann á Blönduósi, 7 m.kr. til endurbyggingar Grímshúsa í Borgarbyggð og 10 m.kr. vegna strandminja í hættu þar sem Minjastofnun verði falið að útfæra forgangsörðun framlagsins.

**01-321 Minjastofnun Íslands 26,0**

## 1.01 Minjastofnun Íslands

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 26 m.kr. framlag til að efla starfsstöð Minjastofnunar Íslands á Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum verði fjölgað og stöðinni verði falin aukin verkefni, m.a. á sviði eftirlits í tengslum við framkvæmd nýrra laga um verndarsvæði í byggð. Tillaga þessi byggist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar.

**01-323 Húsafríðunarsjóður 150,0**

## 6.10 Húsafríðunarsjóður

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimildir Húsafríðunarsjóðs verði auknar um 150 m.kr. Alþingi samþykkti á 144. löggjafarþingi ný lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015. Fyrir liggur áhugi í sveitarfélögum víða um land á því að skipuleggja og þróa verndarsvæði í byggð í samræmi við ákvæði nýju laganna. Kostnaður við slík verkefni er allnokkur og því er lagt til að Húsafríðunarsjóði verði gert kleift að styrkja þau. Sjóðurinn hefur þegar fengið umsóknir um styrki til verkefna sem tengjast verndarsvæðum í byggð og er því talið nauðsynlegt að hann verði eflur sérstaklega vegna þessa nýja verkefnis þannig að tryggt sé að markmið laganna náist.

**01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 5,4**

## 6.01 Nýframkvæmdir

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 5,4 m.kr. hækkun framlags vegna tekna af gistináttaskatti. Áætlað er að á árinu 2016 verði innheimtar tekjur af gistináttaskatti 315 m.kr. Það eru 45 m.kr. meiri tekjur en reiknað var með í frumvarpinu. Lög nr. 75/2011 mæla fyrir um að framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skuli nema 3/5 hluta tekna af gistináttaskatti og samkvæmt stefnumörkun í tengslum við álagningu skattsins hefur verið miðað við að fjárveitingu sem svari til 2/5 hluta innheimtra tekna af skattinum verði skipt þannig að forsætisráðuneyti fái 30% til þjóðgarðsins á Þingvöllum en umhverfis- og auðlindaráðuneyti 70% til framkvæmda í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að forsætisráðuneytið fái 37,8 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2016 sem er 5,4 m.kr. hækkun framlags frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

***Samtals forsætisráðuneyti 305,9*****02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa 12,0**

## 1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.

<b>02-201 Háskóli Íslands</b>	<b>80,0</b>
1.01 Háskóli Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 80 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands sem stofnaður var í júní 2011 í tilefni af 100 ár afmæli skólans. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýtist til uppbyggingar atvinnulífs og verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar. Í kjölfar stofnunar sjóðsins var settur á fót sérstakur starfshópur skipaður fulltrúum frá Alþingi, forsætisráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Háskóla Íslands til að meta og gera tillögur um framlag til sjóðsins. Náðu tillögur hópsins til ársins 2014. Í tillögunum voru m.a. skilgreind sérstök markmið fyrir nýtingu fjárins og mælikvarðar tengdir þeim og gert ráð fyrir að Háskóli Íslands aflaði sértekna sem næmi 1/3 á móti 2/3 hlutum úr sjóðnum. Háskólinn hefur skilað mennta- og menningarmálaráðuneytinu árlegum skýrslum um framvindu. Veitt var 150 m.kr. framlag til að stofna sjóðinn á fjárlögum fyrir árið 2011, 250 m.kr. árið 2012, 400 m.kr. árið 2013 og 700 m.kr. árin 2014 og 2015.
<b>02-210 Háskólinn á Akureyri</b>	<b>25,0</b>
1.01 Háskólinn á Akureyri <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt á Ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til Háskólans á Akureyri til að fjármagna samstarfssamning við Háskólann í Reykjavík um tveggja ára diplómanám í tölvunarfræði. Fyrirhugað er að samstarfið gangi þannig fyrir sig að nemendur á Akureyri fái fyrirlestra, verkefni og annað efni frá kennara í Háskólanum í Reykjavík eins og fjarnemar en mæti svo samkvæmt stundaskrá í verkefnatíma í Háskólanum á Akureyri með leiðbeinanda eins og dagskólanemar. Atvinnulífið á svæðinu er mjög jákvætt gagnvart þessari uppbyggingu á námsframboði og kemur að því með beinum fjárstyrk. Áætlað er að allt að 50 nemendur stundi námið á hverjum tíma.
<b>02-210 Háskólinn á Akureyri</b>	<b>40,0</b>
1.01 Háskólinn á Akureyri <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag til Háskólans á Akureyri vegna þróunar í fjarkennslu og undirbúnings þróunar og samstarfs við Háskólann í Reykjavík um nám í tölvunarfræði.
<b>02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands</b>	<b>0,0</b>
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að bæði gjöld og sértekjur á liðnum hækki um 58 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir samsvarandi aukningu á þjónustukaupum vegna rannsókna háskóla í þágu landbúnaðar á liðnum 04-481.
<b>02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum</b>	<b>25,0</b>
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla Hólaskóla sem nam 170 m.kr. í árslok 2014. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra hefur skilað tillögum um endurskipulagningu á starfi Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Háskólans á Hólum. Þar er m.a. lagt til að ráðist verði í úrbætur á staðarhaldi ríkisskólanna, starfsemin verði endurskoðuð og tekið upp samstarf þeirra á milli. Lagt er til að fjárveitingin verði tímabundin þar sem unnið er að framtíðarfyrirkomulagi á rekstrinum.



<b>02-225 Háskólinn á Bifröst</b>	<b>50,0</b>
1.01 Háskólinn á Bifröst <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til að tryggja að ekki komi til hallareksturs skólans á næsta ári. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra hefur skilað tillögum um endurskipulagningu á starfi Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Háskólans á Hólum. Þar er m.a. lagt til að ráðist verði í úrbætur á staðarhaldi ríkisskólanna, starfsemin verði endurskoðuð og tekið upp samstarf þeirra á milli. Lagt er til að fjárveitingin verði tímabundin þar sem unnið er að framtíðarfyrirkomulagi á rekstrinum.
<b>02-227 Háskólinn í Reykjavík</b>	<b>30,0</b>
1.01 Háskólinn í Reykjavík <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til Háskólans í Reykjavík til að undirbúa og kanna grundvöll fyrir námi í efnisverkfræði.
<b>02-227 Háskólinn í Reykjavík</b>	<b>25,0</b>
1.01 Háskólinn í Reykjavík <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til Háskólans í Reykjavík til að fjármagna samstarfssamning við Háskólann á Akureyri um diplómanám í tölvunarfræði, sbr. umfjöllun um verkefnið á liðnum 02-210 Háskólinn á Akureyri.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>5,0</b>
1.35 Háskólafélag Suðurlands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur Háskólafélags Suðurlands.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>5,0</b>
1.74 Akureyrarakademían <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur Akureyrarakademiunnar.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>25,0</b>
1.90 Háskólastarfsemi <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til að koma á fót námslínu í haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum. Haustið 2016 stendur til að Háskólinn í Reykjavík fari í samstarfi við Háskólann á Akureyri og fleiri af stað með slíkt nám sem kennt verði staðarnámi í Vestmannaeyjum. Nýja námslínan sem spannar þrjár annir (haust, vor og sumar) gefur diplómapróf í haftengdri nýsköpun sem nýtist bæði fólki sem ekki ætlar í frekara nám en vill auka rekstarþekkingu sína og jafnvel stofna eigið fyrirtæki sem og fólki sem ætlar í meira nám. Hægt verður að nýta fengnar einingar úr námi sem eitt ár í grunnnámi (B.Sc.) á háskólastigi á sviði viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri.
<b>02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	<b>0,0</b>
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að sértekjur Menntaskólans við Hamrahlíð verði lækkaðar um 7,2 m.kr. til samræmis við breytingu á sértekjum sem skólinn aflar. Sértekjur skólans hafa minnkað, m.a. í kjölfar þess að öldungadeild var lögð niður. Tillagan hefur ekki í för með sér breytingu á útgjaldaramma ráðuneytisins þar sem fjárheimild til útgjalda breytist jafnmikið og áætlaðar sértekjur.

<b>02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður</b>	<b>10,0</b>
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til að undirbúa viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
<b>02-319 Framhaldsskólar, almennt</b>	<b>15,0</b>
1.16 Nýjungar í skólasterfi <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til að efla menntun á sviði matvælaúrvinnslu, sláturiðnaðar o.fl.
<b>02-319 Framhaldsskólar, almennt</b>	<b>20,0</b>
1.90 Framhaldsskólar, óskipt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: 5 m.kr. til að koma á dreifnámi á Vopnafirði og 15 m.kr. til að mæta aukningu fjarnemenda í fámennum framhaldsskólum.
<b>02-319 Framhaldsskólar, almennt</b>	<b>-29,1</b>
1.90 Framhaldsskólar, óskipt <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 29,1 m.kr. fjárheimild verði millifærð á liðinn 02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vegna leiðréttingar á fjölda nemenda á starfsbraut skólans.
<b>02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum</b>	<b>29,1</b>
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 29,1 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum af viðfanginu 02-319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt vegna leiðréttingar á fjölda nemenda á starfsbraut skólans.
<b>02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands</b>	<b>0,0</b>
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að sértekjur Fjölbrautaskóla Suðurlands verði lækkaðar um 24,9 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sértekjur skólans verði 119,9 m.kr., en skólinn áætlað að þær verði um 95 m.kr. árið 2016. Tillagan hefur ekki í för með sér breytingu á útgjaldaramma ráðuneytisins þar sem fjárheimild til útgjalda breytist jafnmikið og áætlaðar sértekjur.
<b>02-451 Framhaldsfræðsla</b>	<b>25,0</b>
1.26 Austurbrú <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til Austurbrúar vegna rekstrarhalla. Austurbrú er sjálfseignarstofnun en meðal stofnaðila eru öll sveitarfélögin á Austurlandi. Brynt er að stofnaðilar láti gera úttekt á starfsemi sem fyrst í ljósi fjárhagsstöðu stofnunarinnar.
<b>02-451 Framhaldsfræðsla</b>	<b>10,0</b>
1.27 Fræðslunet Suðurlands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur Fræðslunets Suðurlands.

<b>02-451 Framhaldsfræðsla</b>	<b>8,0</b>
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.
<b>02-720 Grunnskólar, almennt</b>	<b>10,0</b>
1.31 Sérstök fræðsluverkefni <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Híðarskóla á Akureyri.
<b>02-720 Grunnskólar, almennt</b>	<b>-130,0</b>
1.31 Sérstök fræðsluverkefni <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 130 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessu viðfangi á 02-723-1.01 Menntamálastofnun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 150 m.kr. til sérstaks átaksverkefnis í læsi. Fyrirhugað er að verulegur hluti verkefnisins verði í umsjón Menntamálastofnunar, svo sem ráðning sérstakra læsiráðgjafa og öll umsýsla í tengslum við vinnu þeirra. Gerð er tillaga um millifærslu í samræmi við áætlaða hlutdeild Menntamálastofnunar í verkefninu.
<b>02-723 Menntamálastofnun</b>	<b>130,0</b>
1.01 Menntamálastofnun <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 130 m.kr. fjárheimild verði millifærð yfir á þennan lið af viðfanginu 02-720-1.31 Sérstök fræðsluverkefni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 150 m.kr. til sérstaks átaksverkefnis í læsi. Fyrirhugað er að verulegur hluti verkefnisins verði í umsjón Menntamálastofnunar, svo sem ráðning sérstakra læsiráðgjafa og öll umsýsla í tengslum við vinnu þeirra. Gerð er tillaga um millifærslu í samræmi við áætlaða hlutdeild Menntamálastofnunar í verkefninu.
<b>02-872 Lána sjóður íslenskra námsmanna</b>	<b>-490,0</b>
1.01 Lána sjóður íslenskra námsmanna <i>Hagrænt eða kerfislegt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að framlag til Lána sjóðs íslenskra námsmanna lækki um 490 m.kr. vegna endurmats á fjárþörf sjóðsins. Nýjar upplýsingar gefa til kynna að lántakendum fækki um 780 frá fyrri áætlunum. Áætluð útlán sjóðsins, þ.e. lán til framfærslu og skólagjalda og önnur lán, lækka af þeim sökum um 1.085 m.kr. og verða 15.608 m.kr. Minni útlán leiða til 510 m.kr. lækkunar á rekstrarframlagi ríkissjóðs miðað við að framlag ríkissjóðs samsvari 47% af útlánum. Gert er ráð fyrir að framlag til vaxtastyrkja verði óbreytt en að rekstrarkostnaður sjóðsins hækki um 20 m.kr. frá fyrri áætlun vegna launahækkana í nýgerðum kjarasamningum. Nettólækkun á framlaginu nemur því 490 m.kr.
<b>02-907 Listasafn Íslands</b>	<b>12,0</b>
1.01 Listasafn Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 12 m.kr. fjárheimild verði millifærð á viðfang Listasafns Íslands af viðfangi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar til leiðréttingar á skiptingu fjárheimilda milli deilda safnsins. Öll fagleg vinna er gjaldfærð á viðfang Listasafns Íslands auk þess sem gjöld vegna geymslumála safnsins eru bókuð þar. Í fjárheimild Listasafns Sigurjóns Ólafssonar var frá upphafi gert ráð fyrir framlagi til geymslumála og hefur það valdið skekkju í áramótastöðu milli viðfanga safnsins. Ráðuneytinu hefur verið bent á þessa skekkju og hér er lögð til millifærsla til leiðréttingar.

<b>02-907 Listasafn Íslands</b>	<b>-12,0</b>
1.03 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 12 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessu viðfangi á viðfangið 1.01 Listasafn Íslands, sbr. umfjöllun þar. Millifærslunni er ætlað að leiðrétta skiptingu fjárheimilda milli deilda Listasafns Íslands.
<b>02-919 Söfn og menningarminjar</b>	<b>20,0</b>
1.90 Styrkir á sviði menningararfs <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: 10 m.kr. til Tónlistarsafns Íslands í Kópavogi, 5 m.kr. til Hrauns í Öxnadal og 5 m.kr. mótfamlag vegna Söguseturs íslenska hestsins sem er sjálfseignarstofnun í eigu Hólaskóla og Byggðasafns Skagfirðinga en megintilgangur sögusetursins er að vera alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins.
<b>02-971 Ríkisútvarpið</b>	<b>60,0</b>
1.10 Ríkisútvarpið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 60 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til Ríkisútvarpsins í samræmi við hækkun tekjuáætlunar vegna útvarpsgjalds. Með tillögum verður mörkuðum tekjum af útvarpsgjaldi að fullu ráðstafað í rekstur Ríkisútvarpsins.
<b>02-971 Ríkisútvarpið</b>	<b>34,0</b>
1.10 Ríkisútvarpið <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 34 m.kr. framlag til greiðslu fyrir stafrænar hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar Ríkisútvarpsins um gervihnött. Frá árinu 2007 hafa útsendingar um gervihnött verið aðgengilegar á grundvelli samnings RÚV og Fjarskiptasjóðs við Telenor sem gerður var í kjölfar útboðs á vegum Fjarskiptasjóðs. Notendur þjónustunnar eru sjófarendur á miðunum við Ísland, heimili í dreifbýli utan hefðbundins dreifikerfis RÚV og Íslendingar búsettir annars staðar á Norðurlöndum.
<b>02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands</b>	<b>5,0</b>
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna stuðnings við kvikmyndahátíðir.
<b>02-982 Listir</b>	<b>14,0</b>
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 14 m.kr. tímabundið framlag til atvinnuleikhópa.
<b>02-982 Listir</b>	<b>15,0</b>
1.30 Íslenska óperan <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til Íslensku óperunnar vegna rekstrarerfiðleika.

<b>02-982 Listir</b>	<b>30,0</b>
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til endurnýjunar á samningi við Akureyrarbæ um menningarmál. Samningnum er ætlað að styrkja rekstur menningarstofnana á Akureyri, svo sem Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Rekstrar- og launakostnaður hefur farið hækkandi en sammingsfjárhæð hefur staðið í stað eða lækkað vegna hagræðingar og hefur því ekki haldið í við launa- og verðlagshækkunar.
<b>02-982 Listir</b>	<b>35,0</b>
1.45 Samningar við sveitarfélög um menningarmál <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 35 m.kr. hækkun framlags til menningarsamninga við sveitarfélög sem er hluti af sóknaráætlunarsamningum til að unnt verði að hækka styrki til menningarmála á landsbygðinni.
<b>02-982 Listir</b>	<b>-12,4</b>
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis, sbr. lög nr. 66/2012, um heið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 12,4 m.kr. tímabundna lækkun á framlagi til heiðurslauna listamanna, sbr. tillögu frá allsherjar- og menntamálanefnd um skiptingu framlagsins þar sem gert er ráð fyrir að heiðurslaun nemi samtals 69,5 m.kr. sem er 12,4 m.kr. lægri fjárhæð en í frumvarpinu.
<b>02-982 Listir</b>	<b>24,0</b>
1.91 Menningarstofnanir, óskipt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 24 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: 10 m.kr. til Skaftfells á Seyðisfirði, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi, 7 m.kr. til Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs, miðstöðvar sviðlista á Austurlandi, og 7 m.kr. til tónlistarmiðstöðvar á Eskifirði.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b>	<b>15,0</b>
1.53 Snorrastofa <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla Snorrastofu.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b>	<b>0,2</b>
1.55 Þórbergssetur <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 0,2 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Þórbergssseturs af viðfanginu 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis. Samningur við Þórbergssetur hefur verið endurnýjaður og nú er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til þess árið 2016 en í frumvarpinu var gert ráð fyrir 9,8 m.kr. framlagi.
<b>02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun</b>	<b>190,0</b>
6.61 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun <i>Sammingsbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 190 m.kr. framlag vegna hækkunar á aðildargjöldum vegna nýrrar rammaáætlunar Evrópusambandsins um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Við gerð frumvarpsins var stuðst við bráðabirgðatölur um aðildargjöld Evrópusambandsins. Samkvæmt nýrri og endurskoðaðri áætlun um aðildargjöldin er gert ráð fyrir að heildargreiðslur vegna aðildar Íslands að rammaáætluninni geti numið tæplega 12.872 milljónum evra eða um 1,8 mia.kr. miðað við gengi Seðlabankans í byrjun nóvember 2015. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 1.628,6 m.kr. og er því lagt til að framlagið verði hækkað um 190 m.kr. til þess að það sé í samræmi við áætlunina.

**02-989 Ýmis íþróttamál** **77,0**

## 6.59 Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 77 m.kr. tímabundið framlag til þriggja verkefna sem skiptist þannig: 20 m.kr. til landsmóts UMFÍ í Borgarnesi, 50 m.kr. til Sveitarfélagsins Skagafjarðar til uppbyggingar á Hólum í Hjaltadal vegna landsmóts hestamanna og 7 m.kr. til Rangárbakka ehf. vegna uppgjörs á landsmóti hestamanna 2014.

Hvað varðar fralagið til Sveitarfélagsins Skagafjarðar skal tekið fram að sveitarfélagið hefur gert samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framkvæmdir en hagkvæmt þótti að bjóða þær út sameiginlega. Sveitarfélagið hefur nú þegar lagt verulegt fé til uppbyggingar. Á næsta ári er fyrirhugað að ljúka framkvæmdum við útsvæði fyrir starf Háskólans á Hólum í hestafræðum. Byggingar og önnur aðstaða verða áfram eign skólans.

**02-999 Ýmislegt** **-0,2**

## 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Millifært  
Samþykkt af Ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 0,2 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Þórbergseturs vegna endurnýjunar á samningi, sbr. greinargerð á viðfangi setursins, 02-983-1.55.

**02-999 Ýmislegt** **59,0**

## 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 59 m.kr. tímabundið framlag til ýmissa styrkveitinga sem ráðuneytið útfæri nánar.

**Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 495,6****03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa** **13,0**

## 1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir Ríkisstjórnar  
Samþykkt af Ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til 13 m.kr. tímabundið framlag til kostnaðar af rekstri kjötmálsins svokallaða. Í framhaldi af rökstuddu álitum frá Eftirlitsstofnun EFTA í október 2014 var komið á fót sérstöku teymi til að undirbúa málflutning stjórnvalda. Upphaflega var ákveðið að kanna grundvöll þess að ljúka málinu með samningum en meðferð málsins var frestað eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur leitaði eftir ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins í máli sem snertir sams konar álitaefni. Teyminu var þá falið að vinna að undirbúningi að greinargerð ríkisins í dómsmáli, komi til þess. Áætlaður kostnaður við undirbúninginn er 13 m.kr. en komi til dómsmáls er heildarkostnaðurinn áætlaður rúm 21 m.kr. Framhald málsins veltur á álitum EFTA-dómstólsins. Niðurstaðan gæti kallað á frekari samningaumleitanir við ESA og mögulega aðra umferð fyrir EFTA-dómstólum.

**03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa** **12,0**

## 1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir Ríkisstjórnar  
Samþykkt af Ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði utanríkisráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.

**03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 18,0**

## 1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 18 m.kr. fjárheimild verði millifærð tímabundið á þennan lið af viðfanginu 03-401-1.85 Alþjóðleg friðargæsla. Beiðni hefur borist frá FAO um að Ísland leggi stofnuninni til starfsmann í níu mánuði til að sinna verkefnum á sviði sjávarútvegsmála, auk fæðu- og næringaröryggis. Starfið varðar málefni hafsins og því er talið að Ísland geti lagt mikið af mörkum, auk þess sem hagsmunir Íslands á því sviði eru ríkir. Einnig er talið að með sterkari tengslum við FAO geti skapast aukin tækifæri til að koma íslenskri sérfræðiþekkingu á framfæri sem geti styrkt stöðu Íslands við að afla hagsmunamála sínum brautargengis innan stofnunarinnar. Áætlað er að kostnaður við stöðuna nemi um 18 m.kr. og talið er að svigrúm sé til að millifæra fjárheimildina af viðfangi alþjóðlegrar friðargæslu.

**03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 13,0**

## 1.17 Háskólar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 13 m.kr. hækkun fjárheimildar í þrjú ár til styrkingar Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hluta af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur í aðdraganda fundarins kynnt landsmarkmið um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna verður styrktur sérstaklega í tengslum við sóknaráætlunina til þess að halda námskeið í þróunarríkjum sem berjast gegn eyðimerkurmyndun. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 500,0**

## 1.30 Mannúðarmál og neyðarástoð

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til 500 m.kr. tímabundið framlag til stuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök sem vinna með flóttafólki erlendis, svo sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Matvælaástoð Sameinuðu þjóðanna (WFP), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn (UNRWA) og aðrar alþjóðastofnanir og borgarasamtök sem starfa á sviði neyðar- og mannúðarástoðar. Tillagan grundvallast á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. september sl. um að verja allt að 1 mia.kr. árið 2016 til viðbótar við fyrri fjárframlög til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna fjölgunar flóttamanna og hælisleitenda. Samkvæmt tillögum ráðherranefndar um málefni flóttafólks og innflytjenda er gert ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 500 m.kr. verði varið til utanríkisráðuneytisins til fjárstuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök á vettvangi, 250 m.kr. til velferðarráðuneytisins vegna móttöku flóttamanna árið 2016 og afleidds kostnaðar og 250 m.kr. til innanríkisráðuneytisins til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða.

**03-401 Alþjóðastofnanir -359,0**

## 1.73 Uppbyggingarsjóður EES

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 359 m.kr. lækkun framlags í Uppbyggingarsjóð EES. Í greiðsluáætlun sjóðstjórnarinnar, dags. 1. október 2015, er framlag Íslands á árinu 2016 vegna samningstímabilsins 2009-2014 talið þurfa að vera 4,33 milljónir evra. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna nýja sjóðsins á árunum 2014-2021 en lauslega áætlaður heildarkostnaður vegna hans á næsta ári er um 10 milljónir evra og gera má ráð fyrir að Ísland greiði um 3% af því eða um 300 þúsund evrur. Gangi þetta eftir verður heildarframlag Íslands til sjóðsins á næsta ári 4,63 milljónir evra. Það jafngildir 642,1 m.kr. framlagi á viðmiðunargengi evru í frumvarpinu sem er 359 m.kr. lækkun frá frumvarpinu.

**03-401 Alþjóðastofnanir -18,0**

## 1.85 Alþjóðleg friðargæsla

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 18 m.kr. fjárheimild verði millifærð tímabundið af þessu viðfangi á liðinn 03-391-1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, sbr. greinargerð þar.

**03-611 Íslandsstofa 1,0**

## 1.10 Íslandsstofa

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 1 m.kr. hækkun framlags til Íslandsstofu. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2016 er reiknað með að innheimtar ríkistekjur af markaðsgjaldi verði 598 m.kr. eða 1 m.kr. hærrí en í tekjuáætlun frumvarpsins. Tekjur af markaðsgjaldi renna óskiptar til Íslandsstofu.

**Samtals utanríkisráðuneyti 180,0****04-101 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa 12,0**

## 1.01 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.

**04-190 Ýmis verkefni 30,0**

## 1.94 Ýmis samningsbundin verkefni

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til að koma á fót frumkvöðlamiðstöð til matvælaframleiðslu í tengslum við rannsóknastofu BioPol ehf. í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Miðað er við að miðstöðin verði búin fjölbreyttu úrvali matvinnslutækja og sérsniðin til framleiðslu og þróunar í matvælavinnslu á svæðinu. Tillaga þessi byggist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar. Um er að ræða tillögur til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra.

**04-190 Ýmis verkefni 10,0**

## 1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til 10 m.kr. tímabundið framlag til að gera áreiðanleikakönnun á lífdísilframleiðslu á Blönduósi. Tillaga þessi byggist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar. Um er að ræða tillögur til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra.



<b>04-190 Ýmis verkefni</b>	<b>-45,5</b>
1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis	
Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 45,5 m.kr. framlag til menningartengdrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni verði flutt af liðnum 04-190-1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á liðinn 04-541-1.15 Sóknaráætlanir landshluta. Sambærileg tillaga er í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2015. Við gerð nýrra vaxtarsamninga við landshluta á árinu 2015 voru framlög til byggðaáætlana, sóknaráætlana landshluta og menningartengdrar ferðaþjónustu sameinuð í einn samning fyrir hvern landshluta. Til að auka gagnsæi og auðvelda eftirlit er lagt til að framlagið verði fært undir fjárlagalið byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshluta.
<b>04-234 Matvælastofnun</b>	<b>-8,0</b>
1.01 Matvælastofnun	
Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 8 m.kr. verði fluttar af þessum lið á liðinn 04-851 Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum til að mæta kostnaði við viðhald á sauðfjárveikivarnargirðingum. Fjárveiting til viðhalds á varnargirðingunum hefur undanfarin ár verið hjá Matvælastofnun en þar sem um varnir gegn dýrasjúkdómum er að ræða þykir rétt að hafa fjárveitinguna með öðrum sambærilegum greiðslum.
<b>04-406 Haf- og vatnarannsóknir</b>	<b>40,0</b>
1.01 Haf- og vatnarannsóknir	
Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til að efla selarannsóknir en þar af eru 10 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna stofnkostnaðar. Miðað er við að gerður verði samstarfssamningur um verkefnið við Selasetur Íslands. Tillaga þessi byggist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar. Um er að ræða tillögur til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra.
<b>04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar</b>	<b>58,0</b>
1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	
Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 58 m.kr. tímabundið framlag til að efla rannsóknir í landbúnaði. Eftir sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gert samning um rannsóknir í landbúnaði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hér er lögð til viðbót við framlagið sem gert er ráð fyrir í samningnum og því gæti komið til endurskoðunar á honum.
<b>04-501 Nýsköpunarmiðstöð Íslands</b>	<b>14,0</b>
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	
Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Gerð er tillaga um 14 m.kr. fjárveitingu til að koma á fót nýsköpunar- og frumkvöðlasetri á Sauðárkróki. Tillaga þessi byggist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar. Um er að ræða tillögur til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra.
<b>04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun</b>	<b>10,0</b>
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög	
Ákvarðanir ríkisstjórnar Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár í sérstakan atvinnu- og nýsköpunarsjóð fyrir Norðurland vestra. Sjóðnum er ætlað að vera viðbót við núverandi stuðningskerfi frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu. Tillaga þessi byggist á tillögum svokallaðrar norðvesturnefndar til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra.

<b>04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun</b>	<b>30,0</b>
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög	
Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra vegna uppbyggingar iðnaðarsvæðis á Hafursstöðum. Verkefnið byggist m.a. á ályktun Alþingis um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar sem samþykkt var 15. janúar 2014.
<b>04-541 Byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta</b>	<b>10,0</b>
1.10 Byggðaáætlun	
Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til að þróa og stofnsetja þjónustumiðstöð í Bolungarvík sem sjái m.a. um póstafréiðslu, bankaþjónustu og umboð Tryggingastofnunar ríkisins auk þjónustu á vegum sveitafélagsins. Samstarf um rekstur slíkrar þjónustumiðstöðvar getur orðið fyrirmynd á svæðum þar sem hægt er að hafa samvinnu um marga þjónustuþætti til að efla nærþjónustu við íbúa.
<b>04-541 Byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta</b>	<b>80,0</b>
1.10 Byggðaáætlun	
Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 80 m.kr. tímabundið framlag til byggðastyrkingar á Norðurlandi vestra vegna mikillar fólksfækkunar á svæðinu. Verkefnið sem um ræðir tengjast t.d. þróunarsetrinu á Blönduósi og öðru sem snýr að styrkingu innviða og stofnana í landshlutanum.
<b>04-541 Byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta</b>	<b>45,5</b>
1.15 Sóknaráætlanir landshluta	
Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 45,5 m kr. framlag til menningartengdrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni verði flutt af liðnum 04-190-1.98 Ýmis framlög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á liðinn 04-541-1.15 Sóknaráætlanir landshluta. Sambærileg tillaga er í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2015. Við gerð nýrra vaxtarsamninga við landshluta á árinu 2015 voru framlög til byggðaáætlana, sóknaráætlana landshluta og menningartengdrar ferðaþjónustu sameinuð í einn samning fyrir hvern landshluta. Til að auka gagnsæi og auðvelda eftirlit er lagt til að framlagið verði fært undir fjárlagalið byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshluta.
<b>04-541 Byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta</b>	<b>18,0</b>
1.15 Sóknaráætlanir landshluta	
Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi	Gerð er tillaga um 18 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: 3 m.kr. til rannsóknastöðvarinnar Rifs á Raufarhöfn og 15 m.kr. til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða vegna verkefna sem lúta að hringtengingu raforku á Vestfjörðum.
<b>04-555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða</b>	<b>27,0</b>
6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	
Lögbundið Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lögð er til 27 m.kr. hækkun á lögbundnu framlagi til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna tekna af gistináttaskatti. Áætlað er að á næsta ári verði innheimtar tekjur af gistináttaskatti 315 m.kr. Það eru 45 m.kr. meiri tekjur en reiknað var með í frumvarpinu. Samkvæmt lögum nr. 75/2011, um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, fær sjóðurinn framlag sem nemur 3/5 hlutum tekna af gistináttaskatti. Endurmetið framlag á árinu 2016 er því áætlað 189 m.kr. en í frumvarpinu var gert ráð fyrir 162 m.kr. framlagi.

**04-555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða 490,0**

## 6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fái 490 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til uppbyggingar á innviðum ferðamannastaða.

**04-559 Ýmis ferðamál 65,0**

## 1.41 Stjórnstöð ferðamála

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til tímabundið 65 m.kr. framlag til að fjármagna fyrsta rekstrarár Stjórnstöðvar ferðamála sem áformað er að starfrækja á árunum 2015-2020. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki í 70 m.kr. frá og með árinu 2017 til loka tímabilsins. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Samtök ferðaþjónustunnar unnu sameiginlega að því að skilgreina Vegvísi í ferðaþjónustu 2015-2020 með sýn til lengri tíma á sjálfbæra þróun greinarinnar. Niðurstaða hópsins var að byggja þyrfti traustan grunn fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðaþjónustu á næstu fimm árum, frá 2015 til ársloka 2020, með því að stofna Stjórnstöð ferðamála. Hlutverk stjórnstöðvarinnar er að leggja traustan grunn að farsælli og sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Íslandi í sátt við land og þjóð. Gert er ráð fyrir að rekstur stjórnstöðvarinnar kosti 20 m.kr. á þessu ári og u.þ.b. 130-140 m.kr. árlega næstu fimm árin. Kostnaðurinn mun skiptast jafnt á milli ríkisjóðs og Samtaka ferðaþjónustunnar.

**04-559 Ýmis ferðamál 150,0**

## 1.49 Rannsóknir á sviði ferðamála

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til 150 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að efla rannsóknir á sviði ferðamála. Gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar um ráðstöfun þessara fjármuna til samræmis við forgangsroðun Stjórnstöðvar ferðamála. Stjórnstöð ferðamála mun skipa starfshóp sem verður falið að skilgreina þarfir fyrir gögn og rannsóknir, útbúa tímasetta rannsóknaráætlun, skilgreina verkaskiptingu og koma með tillögur um birtingu og framsetningu mælinga og rannsókna.

**04-571 Orkustofnun 10,0**

## 1.01 Orkustofnun

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til 10 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að hefja vinnu að tæknilegum hluta greinargerðar um afmörkun landgrunns við austari hluta Reykjaneshryggjar. Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, þar á meðal Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Hafinn er undirbúningur að því að afmarka austari hluta Reykjaneshryggjar en sá hluti hryggjarins var ekki í upphaflegri greinargerð Íslands frá árinu 2009. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) hafa séð um vísindavinnuna og tæknilegan hluta greinargerðarinnar. Áætlað er að heildarkostnaður verði verkefnið verði um 35 m.kr.

**04-599 Ýmis orkumál 67,0**

## 1.23 Styrkir til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lögð er til tímabundin 67 m.kr. hækkun fjárheimildar í þrjú ár í verkefnið Rafbílar - átak í innviðum sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Rafbílar - átak í innviðum miðar að því að gert verði átak í að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu á komandi árum. Talið rétt að ríkisvaldið styrki tímabundið átak til að byggja upp innviði fyrir rafbíla þannig að hægt sé að tryggja aðgengi sem flestra landsmanna að loftslagsvænum samgöngumáta. Grænu orkunni, samstarfsvettvangi um orkuskipti í samgöngum, verður falið að útfæra slíkt átak sem verði fellt inn í aðgerðaáætlun um orkuskipti sem lögð verður fram á Alþingi á vorþingi 2016. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2018.

**04-599 Ýmis orkumál 10,0**

## 1.24 Notendur utan samveitna

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði notenda utan samveitna. Á þessu viðfangsefni er gjaldfærð niðurgreiðsla raforkuframleiðslu í Grímsey, Flatey, Inndjúpi, á Grímsstöðum á Fjöllum og á örfáum býla þar sem rekin er dísilstöð. Á sömu stöðum er kostnaður við húshitun með olfukyndingu niðurgreiddur með fé af liðnum 04-583 Niðurgreiðslur á húshitun.

**04-851 Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum 8,0**

## 1.90 Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum

Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 8 m.kr. verði fluttar af liðnum 04-234 Matvælastofnun á liðinn 04-851 Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum til að mæta kostnaði við viðhald á sauðfjárveikivarnargirðingum. Fjárveiting til viðhalds á varnargirðingunum hefur undanfarin ár verið hjá Matvælastofnun en þar sem um varnir gegn dýrasjúkdómum er að ræða þykir rétt að hafa fjárveitinguna með öðrum sambærilegum greiðslum.

**Samtals atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 1.131,0****06-101 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 12,0**

## 1.01 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði innanríkisráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.

<b>06-102 Stjórnartíðindi</b>	<b>0,0</b>
1.01 Stjórnartíðindi <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 2,5 m.kr. fjárheimild og sértekjur vegna útgáfu lagasafns verði millifærðar til Stjórnartíðinda af liðnum 06-190-1.16 Útgáfa lagasafns. Samkvæmt lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað tekur ráðherra ákvörðun um útgáfu lagasafns í prentuðu formi að fenginni tillögu ritstjórnar lagasafnsins. Í byrjun síðasta árs lagði ritstjórnin til að ekki yrði ráðist í að prenta lagasafnið en sú ákvörðun yrði endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Á hverju ári hafa verið veittar 2,5 m.kr. til að gefa út lagasafn á prenti. Útgáfukerfi Stjórnartíðinda hefur gengið sér til húðar og brýnt var orðið að taka upp nýtt útgáfukerfi. Það kerfi var unnið fyrir bæði Lögbirtingablaðið og Stjórnartíðindi svo að nýta mætti samlegð vegna þessara tveggja útgáfukerfa.
<b>06-190 Ýmis verkefni</b>	<b>68,0</b>
1.10 Fastanefndir <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 68 m.kr. tímabundið framlag til að uppfylla kröfur um aukinn málshraða kærunefndar í útlendingamálum vegna fjölgunar hælisleitenda. Tillagan grundvallast á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. september sl. um að verja allt að 1 mia.kr. árið 2016 til viðbótar við fjórframlög til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna fjölgunar flóttamanna og hælisleitenda. Samkvæmt tillögum ráðherranefndar um málefni flóttafólks og innflytjenda er gert ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 500 m.kr. verði varið til utanríkisráðuneytisins til fjárstudnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök á vettvangi, 250 m.kr. til velferðarráðuneytisins vegna móttöku flóttamanna árið 2016 og afleidds kostnaðar og 250 m.kr. til innanríkisráðuneytisins til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða. Nánari grein er gerð fyrir heildstæðri áætlun í málefnum innflytjenda og hælisleitenda í greinargerð tillögu á liðnum 06-399 Hælisleitendur og er kærunefnd í útlendingamálum meðal mikilvægari hlekkja í þeirri keðju. Tillaga þessi snýr að því að mæta fjölgun lögfræðinga um fimm og hálf stöðugildi og styrkja nefndina sjálfa þannig að markmiðum um málshraða verði náð. Með viðbótarframlaginu verður heildarframlag til nefndarinnar 130 m.kr. árið 2016.
<b>06-190 Ýmis verkefni</b>	<b>0,0</b>
1.16 Útgáfa lagasafns <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 2,5 m.kr. fjárheimild og sértekjur af útgáfu lagasafns verði millifærðar til Stjórnartíðinda á fjárlagalið 06-102, sbr. greinargerð þar.
<b>06-190 Ýmis verkefni</b>	<b>4,0</b>
1.98 Ýmis framlög innanríkisráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Biblíufélagsins í tilefni af 200 ára afmæli félagsins.
<b>06-301 Ríkissaksóknari</b>	<b>6,4</b>
1.05 Ríkissaksóknari <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 6,4 m.kr. hækkun á framlagi til að tryggja fjármögnun tveggja stöðugilda embættis ríkissaksóknara. Í ljós hefur komið að fyrirbyggjandi tillaga í frumvarpinu er vanfjármögnð og 6,4 m.kr. vantar upp á að hún teljist fullfjármögnuð.

<b>06-313 Lögreglustjórinn á Vesturlandi</b>	<b>35,0</b>
1.01 Lögreglustjórinn á Vesturlandi	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 35 m.kr. tímabundna millifærslu fjárheimildar frá Samgöngustofu til lögreglustjórans á Vesturlandi vegna umferðareftirlits, sbr. greinargerð á liðnum 06-655 Samgöngustofa.
<b>06-316 Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra</b>	<b>47,0</b>
1.01 Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 47 m.kr. tímabundna millifærslu fjárheimildar frá Samgöngustofu til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra vegna umferðareftirlits, sbr. greinargerð á liðnum 06-655 Samgöngustofa.
<b>06-318 Lögreglustjórinn á Suðurlandi</b>	<b>35,0</b>
1.01 Lögreglustjórinn á Suðurlandi	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 35 m.kr. tímabundna millifærslu fjárheimildar frá Samgöngustofu til lögreglustjórans á Suðurlandi vegna umferðareftirlits, sbr. greinargerð á liðnum 06-655 Samgöngustofa.
<b>06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál</b>	<b>400,0</b>
1.16 Efling almennrar löggæslu	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til 400 m.kr. framlag til að styrkja lögregluna í landinu. Árið 2014 var stigið jákvætt skref í þá átt með ákvörðun á Alþingi um 500 m.kr. framlag. Við greiningu á lögregluembættum landsins hafa komið fram veikleikar í starfseminni sem brýnt er að mæta. Einn þeirra þátta er það mikilvæga hlutverk sem lögreglan hefur við að tryggja öryggi þess aukna fjölda ferðamanna sem um landið fer. Annar þáttur snýr að auknu gegnsæi í starfsemi lögreglunnar og miðar að því að tryggja viðunandi þjónustu- og öryggisstig. Lagt er til að skipting fjárveitingarinnar milli lögregluembættanna verði skilyrt þannig að úthlutunin grundvallast á því að úttekt á þjónustu- og öryggisstigi hafi farið fram í viðkomandi lögreglumdæmi. Þeir lykilþættir sem þjónustustig lögreglunnar grundvallast á eru útkallsþjónusta, afbrotavarnir og rannsóknir mála. Þeir lykilþættir sem öryggisstigið grundvallast á taka til þess öryggis sem almenningur getur vænst að njóta auk þess sem líta verður til þess öryggis sem lögreglumenn geta gert kröfu um við framkvæmd hættulegra löggæsluverkefna.
<b>06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál</b>	<b>10,0</b>
1.41 Slysavarnafélagið Landsbjörg	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til að mæta auknum kostnaði Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna þjónustu við ferðamenn. Álag á björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa aukist verulega vegna erlendra ferðamanna, ekki síst að vetri til. Útköllin eru af ýmsum toga en snúast alla jafna um leit og aðra aðstoð við ferðalanga í vanda á þjóðvegum landsins sem og á jöklum og á hálendinu. Þá hefur félagið í auknum mæli tekið að sér fræðslu- og forvarnarstarf til að tryggja öryggi ferðamanna í vetrarferðum.

**06-398 Útlendingastofnun**

95,0

## 1.01 Útlendingastofnun

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um um 95 m.kr. tímabundið framlag til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða. Tillagan grundvallast á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. september sl. um að verja allt að 1 mia.kr. árið 2016 til viðbótar við fjárframlög til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna fjölgunar flóttamanna og hælisleitenda. Samkvæmt tillögum ráðherranefndar um málefni flóttafólks og innflytjenda er gert ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 500 m.kr. verði varið til utanríkisráðuneytisins til fjárstuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök á vettvangi, 250 m.kr. til velferðarráðuneytisins vegna móttöku flóttamanna árið 2016 og afleidds kostnaðar og 250 m.kr. til innanríkisráðuneytisins til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða. Nánari grein er gerð fyrir heildstæðri áætlun í málefnum innflytjenda og hælisleitenda í greinargerð tillögu á liðnum 06-399 Hælisleitendur og er starfsemi Útlendingastofnunar einn af lykilþáttunum í þeirri keðju. Tillaga þessi snýr að því að mæta fjölgun stöðugilda Útlendingastofnunar um tíu, auk starfstengds kostnaðar. Gert er ráð fyrir að ráða átta lögfræðinga, einn fulltrúa á leyfasvið vegna hælismála og einn starfsmann á stöðsviði. Með viðbótarframlaginu verður heildarframlag til Útlendingastofnunar 349 m.kr. árið 2016.

**06-399 Hælisleitendur**

87,0

## 1.01 Hælisleitendur

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 87 m.kr. tímabundið framlag á fjárlagaliðnum 06-399 Hælisleitendur sem grundvallast á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. september sl. um að verja allt að 1 mia.kr. árið 2016 til viðbótar við fyrri fjárframlög til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna fjölgunar flóttamanna og hælisleitenda. Samkvæmt tillögum ráðherranefndar um málefni flóttafólks og innflytjenda er gert ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 500 m.kr. verði varið til utanríkisráðuneytisins til fjárstuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök á vettvangi, 250 m.kr. til velferðarráðuneytisins vegna móttöku flóttamanna árið 2016 og afleidds kostnaðar og 250 m.kr. til innanríkisráðuneytisins til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða.

Í innanríkisráðuneytinu liggur fyrir heildstæð áætlun fjárlagaliða á sviði ráðuneytisins og er gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði 1.042 m.kr. en í frumvarpinu var gert ráð fyrir 792 m.kr. Tillögur um 250 m.kr. hækkun taka í fyrsta lagi til fjárlagaliðarins 06-190 Fastanefndir þar sem lögð er til 68 m.kr. hækkun og er gert ráð fyrir að samtals 130 m.kr. verði varið til kærufndar í útlendingamálum árið 2016, í öðru lagi er gert ráð fyrir 95 m.kr. hækkun fjárheimildar Útlendingastofnunar á liðnum 06-398 þannig að hún verði samtals 349 m.kr. og í þriðja lagi er hér lögð til 87 m.kr. hækkun fjárheimildar á liðnum 06-399 Hælisleitendur þannig að hún verði alls 563 m.kr. Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi fjárukalagafrumvarps fyrir árið 2015 verða heildarframlög til þessara mála 1.113 m.kr. á yfirstandandi ári.

Forsendur áætlunarinnar gera ráð fyrir því að 330 hælisleitendur sækji um hæli árið 2016. Til samanburðar voru hælissóknir 76 árið 2011, 118 árið 2012, 172 árið 2013, 176 árið 2014 og áætlað er að þær verði 320 á yfirstandandi ári. Erfitt er að segja til um þróunina milli ára sem er stærsti óvissuþáttur áætlanagerðarinnar. Lykilárangursmælikvarði um skilvirkni málaflöksins er málshraði við afgreiðslu hælissókna en málshraðinn ræður því hversu lengi umsækjandi dvelur í móttökukerfinu. Dvalartími tekur til þess tíma sem það tekur að vinna umsókn fyrir Útlendingastofnun, kærufnd og til þess tíma sem það að auki tekur að undirbúa flutning umsækjenda úr landi eða inn í samfélagið. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi umsókna til úrvinnslu árið 2016 verði 450, þar af 120 eldri umsóknir. Gert er ráð fyrir að meðaldvalartími einstaklings í hælismeðferð verði 70 dagar en þó verður um mismunandi dvalartíma að ræða eftir tegund málsmeðferðar.

Umönnunarkostnaður hælisleitenda er 8.000 kr. á dag og áætlaður umönnunarkostnaður því 250 m.kr. Þessu til viðbótar eru samningar við Rauða krossinn að fjárhæð 90 m.kr. og Ríkislögreglustjóra að fjárhæð 12 m.kr. vegna brottflutnings hælisleitenda. Því til viðbótar gera áætlanir ráð fyrir því að koma upp móttöku- og greiningarmiðstöð fyrir hælisleitendur og til hennar er áætlað að verja 71 m.kr. Þá er áætlað að ferða- og gistikostnaður vegna brottflutnings verði 55 m.kr., í heilbrigðisþjónustu fari 40 m.kr., til greiningarvinnu lögreglunnar verði varið 30 m.kr. og 15 m.kr. í túlkakostnað. Heildarkostnaður fjárlagaliðarins er þannig áætlaður 563 m.kr.



**06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins** **-18,0**

1.01 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 18 m.kr. verði millifærðar frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu til tollstjóra á liðinn 09-262. Í byrjun árs 2015 tóku gildi umfangsmiklar breytingar á umdæmum sýslumanna, m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Þær leiddu jafnframt til breytinga á fyrirkomulagi innheimtu á höfuðborgarsvæðinu þar sem sýslumaður sinni áður innheimtu í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði en nú annast embætti tollstjóra hana. Breytingin leiðir til talsverðar hagræðingar í ríkiskerfinu þar sem nú sinna þrír starfsmenn innheimtunni en voru áður átta. Með vísan til framangreinds er lagt til að fjárveiting sýslumannsembættis höfuðborgarsvæðisins lækki en fjárveiting embættis tollstjóra hækki sem þessu nemur eða um 18 m.kr. Sambærileg tillaga er í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2015.

**06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins** **15,0**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

*Ákvörðun Alþingis*

*Samþykkt á Alþingi*

*Alþingi*

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til viðbótar við áður kynnta tillögu til að styrkja rekstrargrundvöll fangelsanna í landinu.

**06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins** **30,0**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 30 m.kr. hækkun á fjárheimild Fangelsismálastofnunar ríkisins til að mæta veikleikum í starfsemi fangelsa. Álag er á fullnustukerfi landsins og það nær engan veginn að uppfylla lögbundið hlutverk sitt. Til að ráða bót á brýnustu vandamálunum er í fyrsta lagi nauðsynlegt að styrkja vaktkerfi fangelsanna þannig að þau séu alla jafna fullmönnuð en sökum niðurskurðar undanfarin ár hefur ekki verið hægt að ráða eðlilega inn fólk í afleysingar í veikindum starfsmanna, í vetrarfríum og í sumarleyfum. Í öðru lagi þarf að sjá til þess að hægt verði að manna betur fangelsið á Hólmsheiði svo að öryggi starfsmanna verði tryggt strax frá vistun fyrstu fanga. Í þriðja lagi þarf að manna betur en nú móttökuhús á Litla-Hrauni en sökum fjárskorts hefur ekki verið hægt að fullmanna það hvorki um helgar né á virkum dögum.

**06-651 Vegagerðin** **75,0**

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 75 m.kr. hækkun framlags til að styrkja almenningssamgöngur á landsbyggðinni. Samkomulag sem gert var á sínum tíma um nýtt fyrirkomulag sem fól í sér að landshlutasamtök tækju að sér rekstur almenningssamgangna hefur leitt til þess að farþegum á landsbyggðinni hefur fjölgað um meira en 50%. Mikil ánægja er með þjónustuna meðal íbúa en skerðing framlaga vegna niðurfellingar á endurgreiðslu olúgjalds hefur valdið fjórðungshækkun á rekstrarkostnaði. Framlaginu er ætlað að veга á móti skerðingunni þannig að forsendur fyrir rekstrinum standist.

**06-651 Vegagerðin** **100,0**

1.12 Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 100 m.kr. hækkun framlags til að styrkja almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Framlög til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu hafa verið skert um 450 m.kr. að nafnvirði síðan samkomulag um eflingu almenningssamgangna var gert og er framlaginu ætlað að veга upp á móti þeirri skerðingu.

<b>06-651 Vegagerðin</b>	<b>80,0</b>
1.21 Rannsóknir <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 80 m.kr. tímabundið framlag til Vegagerðarinnar til áframhaldandi rannsókna á jarðgöngum undir Fjarðarheiði.
<b>06-651 Vegagerðin</b>	<b>5,0</b>
1.21 Rannsóknir <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á siglingaleiðum um Grynnslin við Hornafjörð.
<b>06-651 Vegagerðin</b>	<b>235,0</b>
6.10 Framkvæmdir <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 235 m.kr. tímabundið framlag til vegagerðar í dreifðum byggðum. Víða á landsbyggðinni er brýnt vegna umferðaröryggis og byggðamála að reyna að hraða sem mest framkvæmdum á tengivegum. Þúsundir kílómetra af malarvegum eru enn án slitlags. Mikil umferð er á mörgum þessara vega og daglega þarf fólk að sækja vinnu og skóla eftir þeim. Með breyttu atvinnu- og búsetumunstri fjölgar enn þeim sem sækja vinnu um langan veg frá heimili. Með óbreyttum fjárframlögum tekur áratugi að endurbæta vegi og koma á viðunandi samgöngubótum. Með sameiningu sveitafélaga og hagræðingu í rekstri grunnskóla hefur vegalengd og tími í skólabílum aukist verulega víða um land. Lagt er til að af framlaginu verði 150 m.kr. varið í tilraunaverkefni um að leita ódýrari lausna við uppbyggingu malarvega. Jafnframt er lagt til að veitt verði fé í brú yfir Þverá, lagfæringar á vegi við Norðlingafljót/Helluvað og í lagfæringar á Tindastólsvegi nr. 746.
<b>06-651 Vegagerðin</b>	<b>40,0</b>
6.80 Sjóvarnargarðar <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja varnargarða við Vík í Mýrdal.
<b>06-655 Samgöngustofa</b>	<b>66,4</b>
1.01 Samgöngustofa <i>Fjármagnað með ríkistekjum Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimild Samgöngustofu hækki um 66,4 m.kr. en hún er fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum. Hækkun fjárheimildar er tilkomin vegnar hækkunar á gildandi gjaldskrár Samgöngustofu. Gjaldskrárbreytingarnar taka mið af kostnaðargreiningu stofnunarinnar sem byggist á því að viðbótartekjurnar af gjaldskrárbreytingunni standi undir kostnaði við öflun teknanna. Stærstur hluti gjaldskrárbreytingarinnar lýtur að hækkun gjalds vegna eftirlits með rekstraraðila flugleiðsöguþjónustu (Isavia). Áætlað er að breytingin skili stofnuninni 66,4 m.kr. en Isavia endurheimti gjöldin á grundvelli sammings um fjármögnun á flugleiðsöguþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu (Joint Financing Agreement). Því til viðbótar er gert ráð fyrir 22,7 m.kr. hækkun á rekstrarumfangi stofnunarinnar sem fjármagnað er með sértekjum. Samkvæmt kostnaðargreiningu var 70,3 m.kr. halli á umræddum þáttum árið 2014 og 52,7 m.kr. halli samkvæmt útkomuspá ársins 2015. Með gjaldskrárbreytingunni er gert ráð fyrir að tekjur standi undir útgjöldum starfsemissþáttanna.

**06-655 Samgöngustofa****-117,0**

## 1.01 Samgöngustofa

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 117 m.kr. tímabundna millifærslu fjárheimildar vegna umferðareftirlits Samgöngustofu á fjárlagaliði þriggja löggæsluembættanna sem samkomulag hefur orðið um að taki við umferðareftirliti sem stofnunin hefur haft með höndum. Um er að ræða embætti lögreglustjórans á Suðurlandi, lögreglustjórans á Vesturlandi og lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Tilgangur breytinganna er að kalla fram þau samlegðaráhrif sem felast í því að á sömu hendi verði eftirlit með vegakerfinu og umferðareftirlit um leið og sýnileiki lögreglu eykst á vegum landsins. Gerður verður tveggja ára árangursstjórnunarsamningur um verkefnið við ríkislögreglustjóra. Gangi markmið samningsins eftir að samningstímanum loknum er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar til embættanna verði varanlegar.

**06-662 Hafnarframkvæmdir****400,0**

## 6.70 Hafnabótasjóður

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Gerð er tillaga um 400 m.kr. tímabundið framlag í Hafnabótasjóð til endurnýjunar á bryggjum og dýpkunar í löndunarhöfnum. Frá árinu 2008 hefur endurbyggingu bryggja lítið verið sinnt en þónokkrar bryggjur í löndunarhöfnum eru orðnar hættulegar þar sem burðargeta þeirra er ekki lengur nægjanleg. Oftast er um að ræða stálþilsbryggjur þar sem efnisþykkt þils var í upphafi um 10 mm en vegna tæringar er þykkt þils komin niður í um 2-4 mm meðalþykkt við stórstraumsfjöruborð. Það þýðir að þilin eru mjög götót á köflum sem gerir það að verkum að komi fullt álag á þessar bryggjur eða hreyfing á jarðveginn, t.d. vegna jarðskjálfta, eru verulegar líkur á að þær gefi sig. Allar bryggjurnar eru enn í fullri notkun þrátt fyrir að teljast hættulegar að mati Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími samkvæmt tillögunni verði 1-3 ár. Gera má ráð fyrir að efniskaup geti tekið allt að 6 mánuði og nemi um 25-30% af kostnaði. Lagt er til að Vegagerðin noti þetta viðbótarframlag til að flýta framkvæmdum í viðkomandi höfnum þannig að hægt verði að sameina efniskaup og hefja framkvæmdir árið 2016 þar sem mögulegt er. Lögð er áhersla á að leitað verði eftir sameiginlegu tilboði í stálþil vegna þessara framkvæmda. Lagt er til að viðbótarfjárveitingin skiptist á eftirfarandi hátt:

1. Endurbygging Norðurkants í Rifshöfn í Snæfellsbæ: 37,2 m.kr. viðbótarframlag.
2. Stuðpúði á Mávagarði í Ísafjarðarbæ: 22,1 m.kr.
3. Skarðsstöð í Dalabyggð: 15 m.kr.
4. Endurbygging og stækkun Svartaskersbryggju í Þorlákshöfn: 41 m.kr. viðbótarframlag.
5. Endurbygging Miðgarðs í Grindavík: 47 m.kr.; og dýpkun við Miðgarð: 56 m.kr.
6. Endurnýjun Suðurbryggju í Sandgerði: 44,3 m.kr.
7. Dýpkun við ferjubryggju á Brjánslæk: 14,5 m.kr.
8. Gerð skjólgarðs og flotbryggju við smábátahöfnina á Norðurfirði: 8,4 m.kr. viðbótarframlag.
9. Gerð skjólgarðs og flotbryggju og endurnýjun stálþils á Hólmavík: 7,5 m.kr.
10. Endurnýjun Hafnarbryggju á Siglufirði: 80 m.kr.
10. Hafnasamlag Norðurlands, endurnýjun hafnsögubáts: 24 m.kr.
11. Frumrannsóknir utan við Hornafjörð: 3 m.kr. viðbótarframlag.

**06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta 400,0**

## 1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 400 m.kr. tímabundið framlag til að koma til móts við uppsafnaða þörf fyrir uppbyggingu á flugvöllum á landsbyggðinni og rekstur innanlandsflugs. Ætlunin er að af þessari upphæð verði um 100 m.kr. varið til reksturs innanlandsflugs. Gert er ráð fyrir að framkvæmdafénu verði varið þannig að um 150 m.kr. fari í Húsavíkflugvöll en þar þarf að gæta sérstaklega að því við uppsetningu ljósabúnaðar að flugbrautin verði ekki þrengd líkt og margir hagsmunaaðilar hafa bent á. Jafnframt verði ráðist í lagfæringu á Norðfjarðarflugvelli fyrir um 80 m.kr. en sveitarstjórn Fjarðabyggðar hefur þegar tryggt mótframlag að upphæð 70 m.kr. Síðan verði um 65 milljónum m.kr. varið í uppbyggingu á Hornafjarðarflugvelli.

**06-689 Fjarskiptasjóður 200,0**

## 6.41 Fjarskiptasjóður

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 200 m.kr. tímabundið framlag til Fjarskiptasjóðs til viðbótar við þær 315,3 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til þess að hraða uppbyggingu fjarskiptainnvíða utan markaðssvæða, sbr. tillögur starfshóps um úrbætur í fjarskiptamálum.

**06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 118,0**

## 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög

Lögbundið  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki um 118 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðið framlag í sjóðinn af skatttekjum ársins 2016 og útsvarstofni árið 2015. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 1.519 m.kr. hækkun á framlaginu frá fjárlögum fyrir árið 2015 þannig að með þessari tillögu verður hækkunin alls 1.637 m.kr. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 631.046 m.kr. árið 2016 og að útsvarstofn ársins 2015 verði 1.179.000 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru ákvörðuð með tvenns konar hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er 13.378 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Í öðru lagi er 3.113 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að lögbundin framlög til sjóðsins verði samtals 16.491 m.kr. árið 2016.

**Samtals innanríkisráðuneyti 2.428,8****08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa -37,9**

## 1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 37,9 m.kr. af liðnum 08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa yfir á liðinn 08-151 Úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. greinargerð þar.

**08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa 12,0**

## 1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði velferðarráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.

<b>08-151</b>	<b>Úrskurðarnefnd velferðarmála</b>	<b>37,9</b>
1.01	Úrskurðarnefnd velferðarmála	
	<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	
	Lagt er til að millifærðar verði 37,9 m.kr. af liðnum 08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa yfir á liðinn 08-151 Úrskurðarnefnd velferðarmála. Um er að ræða kostnað vegna starfa sem flytjast frá aðalskrifstofunni til úrskurðarnefndar velferðarmála. Stofnað var til nefndarinnar með lögum nr. 85/2015, sem taka gildi 1. janúar 2016, en hún leysir af hólmi sex kærú- og úrskurðarnefndir sem starfa á málefnasviði velferðarráðuneytisins. Þær eru kærunefnd barnaverndamála, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála, kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála og úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Úrskurðarnefnd velferðarmála verður sjálfstæð starfseining utan velferðarráðuneytisins og formaður nefndarinnar mun gegna embætti forstöðumanns. Með þessari skipan mála verður hægt að aðgreina starfsemi nefndarinnar frá stjórnslu og starfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins og þar með greina betur en nú er unnt raunkostnað sem leiðir af stjórnslukærum.	
<b>08-151</b>	<b>Úrskurðarnefnd velferðarmála</b>	<b>116,1</b>
1.01	Úrskurðarnefnd velferðarmála	
	<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	
	Lagt er til að millifærðar verði 116,1 m.kr. af liðnum 08-190 Fastanefndir á liðinn 08-151 Úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. greinargerð með annarri tillögu á liðnum.	
<b>08-190</b>	<b>Ýmis verkefni</b>	<b>-116,1</b>
1.10	Fastanefndir	
	<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	
	Lagt er til að millifærðar verði 116,1 m.kr. af liðnum 08-190 Fastanefndir á liðinn 08-151 Úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. greinargerð þar.	
<b>08-190</b>	<b>Ýmis verkefni</b>	<b>30,0</b>
1.90	Ýmislegt	
	<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	
	Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til að velferðarráðuneytið geti fjármagnað greiningu og úttekt á rekstri og starfsemi Landspítalans.	
<b>08-201</b>	<b>Tryggingastofnun ríkisins</b>	<b>-8,0</b>
1.01	Tryggingastofnun ríkisins	
	<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	
	Lögð er til 8 m.kr. millifærsla frá Tryggingastofnun ríkisins yfir á liðinn 08-841 Vinnumálastofnun. Tilefnið er breytingar á lögum um almannatryggingar sem samþykktar voru á Alþingi í júlí 2015 en þar er gert ráð fyrir að vinnusamningar öryrkja og utanumhald um þá flytjist frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar. Einstaklingum með vinnusamninga hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum eða úr 358 árið 2010 í 656 árið 2015. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hefur einn starfsmaður sinnt umsýslu með þessum samningum ásamt öðrum verkefnum. Áætlað er að með flutningi á umsýslunni verði allt að eitt stöðugildi flutt milli stofnananna frá og með 1. janúar 2016.	
<b>08-203</b>	<b>Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>	<b>-145,0</b>
1.31	Endurhæfingarlífeyrir	
	<i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	
	Lögð er til 145 m.kr. lækkun á móti fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.	

<b>08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>	<b>-100,0</b>
1.41 Heimilisuppbót <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 100 m.kr. lækkun á móti fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.
<b>08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>	<b>70,0</b>
1.51 Frekari uppbætur <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 70 m.kr. hækkun til viðbótar fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.
<b>08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>	<b>60,0</b>
1.51 Frekari uppbætur <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um leiðréttingu á fjárheimild liðarins. Í fjárlögum fyrir árið 2015 var veitt 72 m.kr. framlag af útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins til þess að breyta tekjuviðmiði fyrir frekari uppbætur á lífeyri. Tekjuviðmiðið hafði staðið óbreytt frá árinu 2010 en var hækkað um 12,5% í ársbyrjun 2015 og fyrirhugað var að hækka viðmiðið enn frekar ef svigrúm gæfist til. Á yfirstandandi ári hefur viðmiðið ekki verið hækkað og áætlað var að útgjöld liðarins yrðu u.þ.b. 60 m.kr. undir fjárheimildum ársins. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 var liðurinn lækkaður fyrir mistök um þessar 60 m.kr. sem var rangt í ljósi þess að um var að ræða ónýtt útgjaldasvigrúm en ekki kerfislæga þróun útgjalda.
<b>08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>	<b>100,0</b>
1.55 Bifreiðakostnaður <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 100 m.kr. hækkun til viðbótar fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.
<b>08-204 Lífeyristryggingar</b>	<b>-240,0</b>
1.11 Ellilífeyrir <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 240 m.kr. lækkun á móti fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.
<b>08-204 Lífeyristryggingar</b>	<b>380,0</b>
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 380 m.kr. hækkun til viðbótar fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.
<b>08-204 Lífeyristryggingar</b>	<b>-250,0</b>
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega <i>Hagrænt eða kerfislægt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 250 m.kr. lækkun á móti fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.
<b>08-204 Lífeyristryggingar</b>	<b>0,0</b>
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega <i>Fjármagnað með ríkistekjum</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Vegna endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi og minni útgjalda en reiknað var með í frumvarpinu er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til fjármögnunar lífeyristrygginga lækki um 31 m.kr.

**08-204 Lífeyrstryggingar -40,0**

## 1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega

*Hagrænt eða kerfislaegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 40 m.kr. lækkun á móti fyrri áætlun sem lögð var til grundvallar í frumvarpinu.

**08-204 Lífeyrstryggingar -810,0**

## 1.91 Annað

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Í samræmi við lög um breytingar á lögum um almannatryggingar sem samþykkt voru á Alþingi í júlí 2015 er lögð til 810 m.kr. millifærsla af liðnum 08-204 Lífeyrstryggingar yfir á liðinn 08-842 Vinnumál en gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun taki við umsjón tiltekinna samninga og útgreiðslna 1. janúar 2016. Fyrirkomulag vinnusamninganna hefur verið þannig að Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að ráða starfsfólk sem nýtur örorkulífeyris, örorkustyrks eða endurhæfingarlífeyris gegn endurgreiðslu á hluta af launum og launatengdum gjöldum viðkomandi. Endurgreiðsluhlutfallið getur hæst verið 75% og lægst 25% en endurgreiðslan lækkar um tíu prósentustig með tólf mánaða millibili þar til lágmarksendurgreiðsluhlutfalli er náð. Samningarnir miðast við að einstaklingur hafi vinnugetu sem ekki hafi nýst á almennum vinnumarkaði og að viðkomandi hafi ekki verulegar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga. Einstaklingum með vinnusamninga hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum eða úr 483 árið 2011 í 731 árið 2014 og hafa útgjöldin aukist samhliða því úr um 332 m.kr. í 612 m.kr. Áfallinn kostnaður fyrir tímabilið janúar-september 2015 er 484 m.kr. og stefnir í að verða u.þ.b. 740 m.kr. í lok ársins 2015. Að meðtalinni 9,4% verðlagshækkun gætu útgjöld vegna samninganna orðið um 810 m.kr. á næsta ári og lagt er til að sú fjárhæð verði millifærð til að standa straum af kostnaðinum.

**08-206 Sjúkratryggingar 100,0**

## 1.16 Lyf með S-merkingu

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 100 m.kr. viðbótarheimild vegna upptöku nýrra lyfja. Samkvæmt áætlunum Sjúkratrygginga Íslands þarf að auka fjármagn vegna nýrra S-lyfja en dregist hefur að taka inn ný lyf undanfarin ár. Um er að ræða lyf sem hafa verið tekin upp í nágrannalöndunum og víðar, m.a. vegna krabbameinslækninga.

**08-206 Sjúkratryggingar 240,0**

## 1.31 Þjálfun

*Hagrænt eða kerfislaegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 240 m.kr. viðbótarheimild til sjúkraþjálfunar. Komum til sjúkraþjálfara hefur fjölgað um tæp 5% en sjúklingum hefur fjölgað um 3,5%. Einföldum meðferðum hefur fækkað sem bendir til að skýring á magnaukningu sé að hluta til færsla yfir í dýrari meðferðarform. Nýr samningur var gerður við sjúkraþjálfara í febrúar 2014. Í áætlun Sjúkratrygginga Íslands var gert ráð fyrir 3,4% hækkun einingaverðs en hækkunin reyndist svo 5%. Samkvæmt samningnum reiknast einingaverð út frá vísitölu neysluverðs og launavísitölu. Þá fjölgaði magneiningum um 5,8% en reiknað var með 3,8% í áætlun Sjúkratrygginga Íslands. Samkvæmt forsendum ríkisfjármála var hins vegar einungis gert ráð fyrir 1% magnaukningu og 3,9% hækkun vegna endurmats útgjalda fyrra árs, samtals 4,9% ofan á fjárlagatölu ársins 2015 eða 99 m.kr. Áætlað er að kostnaður á liðnum í árslok 2016 verði um 2.340 m.kr. án launa- og verðlagsbreytinga og því vanti um 240 m.kr. miðað við frumvarpið.

**08-206 Sjúkratryggingar****200,0**

1.35 Tannlækningar  
*Hagrænt eða kerfislegt*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 200 m.kr. viðbótarheimild til tannlækninga. Mikil aukning hefur verið í tannlækningum lífeyrisþega milli ára og fjölgaði þeim um 26% á fyrri helmingi ársins miðað við sama tímabil árið 2014 og kostnaður jókst um tæpar 60 m.kr. Rekja má stóran hluta þeirrar fjölgunar til aukinnar rafvæðingar sem hefur í för með sér að allur kostnaður skilar sér inn til sjúkratrygginga beint frá tannlæknum og er því um varanlega aukningu að ræða. Börnum hefur einnig fjölgað umfram forsendur samnings um tannlækningar barna og á miðju árinu 2015 var kostnaður orðinn 60 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Reiknað er með að seinni helmingur ársins verði eitthvað léttari vegna þess að stór hluti þeirra árganga sem inn komu á samning skiluðu sér inn á fyrri hluta ársins. Á ársvísu er þannig gert ráð fyrir að a.m.k. 200 m.kr. vanti upp á fjárheimildir liðarins árið 2016 miðað við frumvarpið.

**08-209 Sjúklingatrygging****190,0**

1.11 Sjúklingatrygging  
*Hagrænt eða kerfislegt*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 190 m.kr. viðbótarheimild til sjúklingatrygginga vegna endurmats á útgjöldum miðað við síðustu ár en kostnaður hefur aukist stöðugt. Sjúklingatrygging veitir sjúklingum rétt til bóta fyrir líkamlegt eða geðrænt heilsutjón sem verður vegna meðferðar eða rannsókna. Þetta á við um atvik sem sjúklingar verða fyrir í tengslum við rannsóknir eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, á sjúkrahúsi erlendis á vegum Sjúkratrygginga Íslands, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólki. Ákvörðun bótafjárhæðar fer samkvæmt skaðabótalögum en hámark bótafjárhæðar árið 2015 er u.þ.b. 10 m.kr. Fjárheimild liðarins hefur verið óbreytt frá árinu 2009 eða 120 m.kr. Útgjöld til sjúklingatrygginga árin 2009-2012 voru að meðaltali 100 m.kr. á ári. Árið 2013 námu útgjöldin 171 m.kr. en á árinu 2014 voru þau 229 m.kr. Áætlað er að útgjöld yfirstandandi árs geti orðið 310 m.kr. sem er þreföldun á meðaltali útgjalda áranna 2009-2012. Skýringin á auknum útgjöldum undanfarinna ára er m.a. sú að unnið hefur verið að uppgjörum á eldri málum og fellur kostnaðurinn þá til seinna. Þá hefur svokölluðum hámarksmálum fjölgað á síðustu þremur árum en það eru mál þar sem sjúklingum er greidd hámarksbótafjárhæð. Slík mál voru orðin 17 á tímabilinu janúar-ágúst á þessu ári en voru sex allt árið 2012.

**08-303 Lýðheilsusjóður****3,0**

1.90 Lýðheilsusjóður  
*Fjármagnað með ríkistekjum*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 3 m.kr. hækkun framlags til lýðheilsusjóðs í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af áfengisgjaldi. 1% tekna af áfengisgjaldi rennur til lýðheilsusjóðs.



**08-331 Vinnueftirlit ríkisins****65,0**

## 1.01 Vinnueftirlit ríkisins

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 65 m.kr. fjárheimild til að mæta áætluðum kostnaði við að taka á leigu nýtt húsnæði fyrir Vinnueftirlit ríkisins árið 2016 en hluti hans verður tímabundinn. Í 6. gr. frumvarpsins er tillaga um heimild til að selja hlut ríkisins í núverandi húsnæði stofnunarinnar og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði. Húsnæðið fullnægir ekki þeim kröfum sem gerðar eru um aðgengi og öryggi hjá opinberum stofnunum. Í húsnæðinu er til að mynda ekki lyfta og það er því ekki aðgengilegt fötluðu fólki. Þá er ekki unnt að koma við eðlilegri og nauðsynlegri aðgreiningu viðskiptavina og starfsmanna. Stofnunin hefur jafnframt þurft að taka á leigu viðbótarhúsnæði til að sinna fræðsluhlutverki sínu. Húsrýmisþörf stofnunarinnar er metin 1.500 fermetrar en núverandi húsnæði ásamt leiguhúsnæði er 1.359 fermetrar. Tillögunni er ætlað að mæta annars vegar einskiptiskostnaði við flutning á stofnuninni í nýtt húsnæði á næsta ári en hann er áætlaður 35-40 m.kr. Hins vegar er tillögunni ætlað að mæta árlegum viðbótarhúsnæðiskostnaði sem nemur 25-30 m.kr. Gert er ráð fyrir að söluandvirði núverandi húsnæðis renni í ríkissjóð en fasteignamat þess er 130 m.kr.

**08-334 Umboðsmaður skuldara****200,5**

## 1.01 Umboðsmaður skuldara

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til rekstrar umboðsmanns skuldara hækki um 200,5 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu. Haustið 2014 dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur íslenska ríkið til að greiða fjármálafyrirtækinu Lýsingu rúmar 10 m.kr. vegna ólögðrar gjaldtöku í tengslum við rekstur embættis umboðsmanns skuldara. Niðurstaða dómsins var sú að upprunalegt ákvæði 5. gr. laga nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara, stæðist ekki skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Í kjölfar dómsins hafa þegar verið endurgreiddar um 250 m.kr. af mörkuðum tekjum embættisins á yfirstandandi ári. Það hefur þau áhrif að í stað áætlunar um 239,6 m.kr. jákvæða höfuðstólsstöðu í árslok 2015 sem gengið var út frá að nýttist til starfseminnar á árinu 2016 verður hún einungis 34,5 m.kr. Þetta er þó með þeim fyrirvara að ekki komi til frekari endurgreiðslna vegna dómsins. Breyta þarf ákvæði 40. gr. í frumvarpi til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 vegna þessa. Í stað hlutfallstölunnar 0,00491% þarf álagt gjald fyrir árið 2016 að nema 0,01118% af gjaldstofni til samræmis við gjöld stofnunarinnar á árinu.

**08-379 Sjúkrahús, óskipt****840,0**

## 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 840 m.kr. fjárheimild næstu þrjú árin vegna átaks til að stytta biðlista eftir augasteinsaðgerðum, gerviliðaaðgerðum á hné, gerviliðaaðgerðum á mjöðm og kransæðaþræðingum. Þar af eru 15 m.kr. ætlaðar til umsýslu og eftirlits með framkvæmd verkefnisins og til að bæta umgjörð um gerð biðlista. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fela heilbrigðisráðherra í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðherra að útfæra tillögur vegna átaks til styttingar biðlista eftir völdum skurðaðgerðum með það að markmiði að sem flestir sjúklingar verði komnir í aðgerð innan þriggja mánaða frá því að beiðni er lögð fram. Útfærslan gerir ráð fyrir að gerðar verði alls 4.963 aðgerðir og er áætlaður heildarkostnaður vegna átaksins 1.663 m.kr. á árunum 2016-2018. Útfærslan gerir í fyrsta lagi ráð fyrir að gerðar verði alls 3.600 augasteinsaðgerðir og þar af 1.890 árið 2016. Gera þarf tiltekna breytingar á fyrirkomulagi húsnæðis og fjölga heilbrigðisstarfsfólki vegna þessa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að gerðar verði alls 1.238 gerviliðaaðgerðir á hné og mjöðm. Miðast áætlanir við að gerðar verði 527 gerviliðaaðgerðir árið 2016 en þar af verði 347 aðgerðir gerðar á Landspítalanum. Til að þessi fjöldi aðgerða sé mögulegur þarf samkvæmt áætlunum Landspítalans að leggjast í 125 m.kr. stofnkostnað vegna bráðaskurðstofu og húsnæðisframkvæmda. Í þriðja lagi gerir átakið ráð fyrir alls 125 kransæðaþræðingum og að þær verði 75 árið 2015 og 50 árið 2016. Ekki er talið nauðsynlegt að ráðast í stofnkostnað vegna kransæðaþræðinga né heldur vegna þeirra aðgerða sem gerðar verða á Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Í júní sl. biðu alls 3.616 einstaklingar eftir skurðaðgerð á augasteini, 739 eftir gerviliðaaðgerð á hné, 454 eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm og 202 eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar).

**08-379 Sjúkrahús, óskipt****280,0**

## 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 280 m.kr. tímabundna fjárheimild til að mæta kostnaði við rannsóknarverkefni í lyfjameðferð gegn lifrabólgu C. Átakið mun vara í þrjú ár og hefur ríkisstjórnin samþykkt að leggja til að veittar verði til þess 280 m.kr. vegna árána 2015 og 2016 og 150 m.kr. árið 2017 til að greiða fyrir þann kostnað sem fellur á innlenda aðila og orsakast m.a. af blóðrannsóknum, skýrslugerð og annarri þjónustu sem tengist meðferð sjúklunga. Rannsóknin er unnin af Landspítalanum samstarfi við lyfjafyrirtækið Gilead Sciences sem leggur verkefninu til lyfið Harvoni. Markmið rannsóknarverkefnisins er að útrýma lifrabólgu C á Íslandi en hérlendis eru kjöraðstæður til að ráðast í slíkt verkefni; samfélagið er lítið, þekking og reynsla heilbrigðisstarfsmanna er fyrir hendi svo og nauðsynlegir innviðir heilbrigðiskerfis. Talið er að allt að 1.000 manns séu sýktir af sjúkdómnum og að 40-70 einstaklingar sýkist árlega hér á landi. Sé sýkingin ekki meðhöndluð getur hún leitt til skorpulifrar, lifrarkrabbameins og lifrabilunar. Stefnt er að því að hefja átakið fyrir lok þessa árs. Hópur lækna á Landspítalanum hefur haft forystu um innleiðingu átaksverkefnis og hefur hann í umboði heilbrigðisráðherra unnið að undirbúningi samnings við fyrirtækið Gilead Sciences. Samhliða þessari vinnu hefur breiður hópur fagfólks Landspítala ásamt ráðuneytinu, sóttvarnalækni, SÁÁ og fleirum unnið að fjölbættum undirbúningi átaksins. Lyfin sem notuð verða í þessu verkefni hafa þegar fengið markaðsleyfi og eru notuð í mörgum löndum, m.a. annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi, í völdum tilvikum til meðferðar sjúklunga með lifrabólgu. Lyfin eru í töfluformi og gefin daglega meðan á meðferð stendur, alla jafna í átta til tólf vikur þótt sumir sjúklingar geti þurft meðferð í allt að 24 vikur.

**08-379 Sjúkrahús, óskipt****50,0**

## 1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til sjúkrahúsa.

**08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi****50,0**

## 1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til 50 m.kr. tímabundið framlag vegna fjölgunar fólks af erlendum uppruna sem fengið hefur vernd á landinu samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar. Miðað við árið 2014 stefnir í allt að 100% fjölgun fólks milli ára. Í vaxandi mæli er um að ræða fjölskyldufólk og leiðir það til aukinna útgjalda og aðstoðar til lengri tíma en þegar um einstaklinga er að ræða. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð við erlenda ríkisborgara sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Tillagan grundvallast á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. september sl. um að verja allt að 1 mia.kr. árið 2016 til viðbótar við núgildandi fjárframlög til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna fjölgunar flóttamanna og hælisleitenda. Samkvæmt tillögum ráðherranefndar um málefni flóttafólks og innflytjenda er gert ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 500 m.kr. verði varið til utanríkisráðuneytisins til fjárstuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök á vettvangi, 250 m.kr. til velferðarráðuneytisins vegna móttöku flóttamanna á árinu 2016 og afleidds kostnaðar og 250 m.kr. til innanríkisráðuneytisins til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða.

**08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi****200,0**

## 1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til 200 m.kr. tímabundið framlag til móttöku flóttamanna á árinu 2016 og greiðslu annars kostnaðar sem henni fylgir. Gert er ráð fyrir að staðið verði að móttökunni með sama hætti og í tengslum við flóttamenn sem væntanlegir eru til landsins í desember, þ.e. í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og með samningi við sveitarfélög um þjónustu og aðstoð við það fólk sem hingað kemur. Tillagan grundvallast á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. september sl. um að verja allt að 1 mia.kr. árið 2016 til viðbótar við fjárframlög til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin vegna fjölgunar flóttamanna og hælisleitenda. Samkvæmt tillögum ráðherranefndar um málefni flóttafólks og innflytjenda er gert ráð fyrir að framlagið skiptist þannig að 500 m.kr. verði varið til utanríkisráðuneytisins til fjárstuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparsamtök á vettvangi, 250 m.kr. til velferðarráðuneytisins vegna móttöku flóttamanna árið 2016 og afleidds kostnaðar og 250 m.kr. til innanríkisráðuneytisins til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málshraða.

**08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi****175,0**

## 1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 175 m.kr. fjárheimild til móttöku flóttafólks. Tillagan byggist á aðgerðum og verkefnaáætlun um málefni flóttafólks og innflytjenda sem ríkisstjórnin samþykkti 19. september sl. Samþykktin gerir ráð fyrir að undir árslok 2015 verði tekið á móti fyrsta hópi fólks frá Sílandi sem nú hefst við í flóttamannabúðum í Líbanon. Velferðarráðuneytinu hafa borist gögn frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna með upplýsingum um þrettán fjölskyldur og á grunni þeirra mun flóttamannanefnd gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um hvaða fjölskyldum og einstaklingum verður boðið að flytja til landsins. Velferðarráðuneytið hefur þegar hafið viðræður við þrjú sveitarfélög, Akureyri, Hafnarfjörð og Kópavog, um móttöku á fyrstu fjölskyldunum. Ríkisstjórnin samþykkti að veita samtals 250 m.kr. til móttöku þessa fyrsta hóps flóttamanna á árinu 2015. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2015 er lagt til 75 m.kr. framlag til móttökunnar og hér er gerð tillaga um eftirstöðvarnar.

**08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi****64,0**

## 1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 64 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: 30 m.kr. til ART-verkefnisins sem snýst um félagsfærni-, sjálfstjórnar- og siðferðisþjálfun barna með hegðunarvanda, 20 m.kr. til Samhjalpar vegna rekstrar Hlaðgerðarkots, 5 m.kr. til Afslsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, 5 m.kr. til Hugarafsls, félags sem rekur notendastýrða starfsendurhæfingu, 2 m.kr. til Félags aðstandenda Alzheimerssjúklinga, 2 m.kr. til líknarsamtakanna Handarinnar.

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi****30,0**

## 1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag sem skiptist þannig: 10 m.kr. til Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess, og 20 m.kr. til að efla starfsemi Miðstöðvar foreldra og barna í Síðumúla í Reykjavík.

<b>08-401 Öldrunarstofnanir, almennt</b>	<b>75,0</b>
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 75 m.kr. tímabundið framlag til minni hjúkrunarheimila sem verði skipt milli þeirra samkvæmt ákvörðun ráðherra.
<b>08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra</b>	<b>-600,0</b>
1.13 Leigugreiðslur til hjúkrunarheimila sveitarfélaga <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 600 m.kr. milli fjárlagaviðfangsefna Framkvæmdasjóðs aldraðra, þ.e. af viðfanginu 08-402-1.13 Leigugreiðslur til hjúkrunarheimila sveitarfélaga yfir á viðfangið 08-402-6.25 Endurgreiðslur til sveitarfélaga á stofnkostnaði við byggingu hjúkrunarheimila, sbr. greinargerð þar.
<b>08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra</b>	<b>600,0</b>
6.25 Endurgreiðslur til sveitarfélaga á stofnkostnaði við byggingu hjúkrunarheimila <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 600 m.kr. milli fjárlagaviðfangsefna Framkvæmdasjóðs aldraðra, þ.e. af viðfanginu 08-402-1.13 Leigugreiðslur til hjúkrunarheimila sveitarfélaga yfir á viðfangið 08-402-6.25 Endurgreiðslur til sveitarfélaga á stofnkostnaði við byggingu hjúkrunarheimila. Tilefnið er að í raun teljast leigugreiðslur til hjúkrunarheimila sveitarfélaga ekki vera rekstrargjöld heldur fjármagnstillfærslur þar sem um er að ræða endurgreiðslur á stofnkostnaði við byggingu hjúkrunarheimila. Því þarf að breyta framsetningu fjárheimildanna til samræmis og færa þær á stofnkostnaðarviðfangsefni. Tillaga sama efnis er gerð við 2. umræðu um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2015.
<b>08-480 Krýsuvíkurheimilið</b>	<b>10,0</b>
1.10 Krýsuvíkurheimilið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Krýsuvíkurheimilisins.
<b>08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt</b>	<b>70,0</b>
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 70 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að standa undir húsaleigukostnaði nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.
<b>08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>11,0</b>
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 11 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið heimahjúkrunar í Reykjavík yfir til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Greiðslur vegna langtímasamnings um húsaleigu í Mjódd færast þar á milli.
<b>08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>15,4</b>
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 15,4 m.kr hækkun á fjárheimild Miðstöðvar heimahjúkrunar til að fjármagna sams konar kjarabreytingar hjá ríkisstarfsmönnum þjónustunnar og hjá starfsmönnum ríkisstofnana.

<b>08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>-11,0</b>
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	
<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 11 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið heimahjúkrunar í Reykjavík yfir til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Greiðslur vegna langtímasamnings um húsaleigu í Mjódd færast þar á milli.
<b>08-700 Heilbrigðisstofnanir</b>	<b>100,0</b>
1.01 Almennur rekstur	
<i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 100 m.kr. tímabundið framlag til reksturs heilbrigðisstofnana sem verði skipt samkvæmt ákvörðun ráðherra.
<b>08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands</b>	<b>20,0</b>
1.21 Hjúkrunarrými	
<i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að fjölga hvíldarrýmum við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga. Gert er ráð fyrir að hægt verði að fjölga rýmum um 3 og stöðugildum um þrjú. Framlag til verkefnisins byggist á tillögum svokallaðrar Norðvesturnefndar. Um er að ræða tillögur til að efla byggðapróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingar á Norðurlandi vestra.
<b>08-841 Vinnumálastofnun</b>	<b>8,0</b>
1.01 Vinnumálastofnun	
<i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til 8 m.kr. millifærsla til Vinnumálastofnunar af liðnum 08-201 Tryggingastofnun ríkisins. Tilfnið er breytingar á lögum um almannatryggingar sem samþykktar voru á Alþingi í júlí 2015 en þar er gert ráð fyrir að vinnusamningar öryrkja og utanumhald um þá flytjist frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar. Einstaklingum með vinnusamninga hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum eða úr 358 árið 2010 í 656 árið 2015. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hefur einn starfsmaður sinnt umsýslu með þessum samningum ásamt öðrum verkefnum. Áætlað er að með flutningi á umsýslunni verði allt að eitt stöðugildi flutt milli stofnananna frá og með 1. janúar 2016.

**08-842 Vinnumál****810,0**

## 1.25 Vinnusamningar öryrkja

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Í samræmi við lög um breytingar á lögum um almannatryggingar sem samþykkt voru á Alþingi í júlí 2015, er lögð til 810 m.kr. millifærsla af liðnum 08-204 Lífeyristryggingar yfir á liðinn 08-842 Vinnumál en gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun taki við umsjón tiltekinna samninga og útgreiðslna 1. janúar 2016. Fyrirkomulag vinnusamninganna hefur verið þannig að Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að ráða starfsfólk sem nýtur örorkulífeyris, örorkustyrks eða endurhæfingarlífeyris gegn endurgreiðslu á hluta af launum og launatengdum gjöldum viðkomandi. Endurgreiðsluhlutfallið getur hæst verið 75% og lægst 25% en endurgreiðslan lækkar um tíu prósentustig með tólf mánaða millibili þar til lágmarksendurgreiðsluhlutfalli er náð. Samningarnir miðast við að einstaklingur hafi vinnugetu sem ekki hafi nýst á almennum vinnumarkaði og að viðkomandi hafi ekki verulegar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga. Einstaklingum með vinnusamninga hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum eða úr 483 árið 2011 í 731 árið 2014 og hafa útgjöldin aukist samhliða því úr um 332 m.kr. í 612 m.kr. Áfallinn kostnaður fyrir tímabilið janúar-september 2015 er 484 m.kr. og stefnir í að verða u.þ.b. 740 m.kr. í lok ársins 2015. Að meðtalinni 9,4% verðlagshækkun gætu útgjöld vegna samninganna orðið um 810 m.kr. á næsta ári og lagt er til að sú fjárhæð verði millifærð til að standa straum af kostnaðinum.

**08-842 Vinnumál****10,0**

## 1.90 Ýmislegt

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins 08-842 Vinnumál hækki um 10 m.kr. Í tengslum við kjarasamningsviðræður ríkisins við aðildarfélög BSRB var m.a. rætt um leiðir til að stuðla að styttingu vinnutíma án launaskerðinga og að koma á fót tilraunaverkefni sem mundi hafa sama gildistíma og kjarasamningar BSRB. Í því sambandi er gert ráð fyrir að stofnaður verði starfshópur sem skipaður verði fulltrúum ráðuneyta og BSRB og velji m.a. þá vinnustaði sem taki þátt í verkefninu. Gert er ráð fyrir að á 3-4 vinnustöðum hjá ríkinu verði vinnutími styttr án þess að til launaskerðinga komi og ætlunin er að auglýsa eftir vinnustöðum sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu. Markmiðið er að fækka vinnustundum úr 40 í 36 á viku og viðkomandi vinnustöðum er ætlað að bera þann kostnað sem af verkefninu hlýst. Í því sambandi má gera ráð fyrir að mannaflapörf aukist að einhverju marki á hlutaðeigandi vinnustöðum. Fyrirgreindum hópi er ætlað að leggja mat á árangur verkefnisins og skila skýrslu eigi síðar en sex mánuðum áður en gildistíma kjarasamninganna lýkur. Gert er ráð fyrir að kostnaður við mat á árangri tilraunaverkefnisins verði u.þ.b. 10 m.kr. sem þessari tillögu er ætlað að mæta.

**08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður****-350,0**

## 1.11 Atvinnuleysisbætur

*Hagrænt eða kerfislegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 350 m.kr. vegna endurmats á útgjöldum. Í frumvarpinu var miðað við að atvinnuleysi yrði að jafnaði 3% á næsta ári í samræmi við spá Hagstofu Íslands síðastliðið vor. Nú er áætlað að atvinnuleysi verði svolítið minna eða 2,9% samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá í nóvember. Útgjöld sjóðsins lækka af þeim sökum um 350 m.kr.

**08-854 Fæðingarorlof 200,0**

## 1.11 Fæðingarorlofssjóður

*Hagrænt eða kerfislegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun á fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs til að mæta áhrifum nýgerðra kjarasamninga á greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Mánaðarleg greiðsla til starfsmanns í fæðingarorlofi nemur 80% af meðaltali heildarlauna á 12 mánaða tímabili sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns. Hækkun launavísitölunnar sl. 12 mánuði nemur 8,2% og mun þessi hækkun óhjákvæmilega koma fram í útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs árið 2016. Fjárhæðin tekur mið af því að á fæðingarári falla að jafnaði til 60% kostnaðar hvers fæðingarorlofs þannig að heilsársáhrif hækkunar eru um 330 m.kr.

**08-854 Fæðingarorlof 160,0**

## 1.11 Fæðingarorlofssjóður

*Hagrænt eða kerfislegt**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 160 m.kr. hækkun á fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjöld á árinu 2015. Feður hafa aukið þátttöku í fæðingarorlofi þannig að dögum þeirra hefur fjölgað um 5% frá árinu 2014 og meðalgreiðsla á dag hækkað um 3,4%. Útgjöld vegna fæðingarorlofs feðra hafa þannig aukist um 8,5% milli ára. Samsvarandi aukning vegna orlofs mæðra er um 4,4%.

**08-861 Leiguíbúðir -110,1**

## 6.21 Leiguíbúðir

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins 08-861 Leiguíbúðir lækki um 110,1 m.kr. Tilfnið er að í frumvarpinu var gert ráð fyrir sérstakri fjárheimild sem nemur 1,5 mia.kr. til að styrkja uppbyggingu félagslegra leiguíbúða með greiðslu stofnframlaga og að sama skapi var gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður mundi hætta lánveitingum til félagslegra leiguíbúða með niðurgreiddum vöxtum. Fyrir mistök láðist að fella fjárheimildina á rekstrargrunni niður á þessum lið til samræmis við það að ekki er gert ráð fyrir þessum lánveitingum Íbúðalánasjóðs í C-hluta frumvarpsins.

**Samtals velferðarráðuneyti 2.764,8****09-101 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa 12,0**

## 1.01 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 12 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrki og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með einu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.



**09-262 Tollstjórinn** **18,0**

## 1.01 Tollstjórinn

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að millifærðar verði 18 m.kr. til tollstjóra af liðnum 06-441 Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins. Í byrjun árs 2015 tóku gildi umfangsmiklar breytingar á umdæmum sýslumanna, m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Þær leiddu jafnframt til breytinga á fyrirkomulagi innheimtu á höfuðborgarsvæðinu þar sem sýslumaður sinni áður innheimtu í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði en nú annast embætti tollstjóra hana. Breytingin leiðir til talsverðar hagræðingar í ríkiskerfinu þar sem nú sinna þrír starfsmenn innheimtunni en voru áður átta. Með vísan til framangreinds er lagt til að fjárveiting sýslumannsembættis höfuðborgarsvæðisins lækki en fjárveiting embættis tollstjóra hækki sem þessu nemur eða um 18 m.kr. Sambærileg tillaga er í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2015.

**09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða** **-29,0**

## 1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 29 m.kr. lækun fjárheimildar í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna framlög á þennan lið. Endurskoðuð áætlun í nóvember sl. um tryggingagjaldsstofn ársins gerir ráð fyrir að stofninn verði 1.102.000 m.kr. og að framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða verði 3.582 m.kr., eða 0,325% af stofninum, og lækki um 29 m.kr. frá frumvarpinu. Framlagið miðast við þá framkvæmd á uppgjöri tekna í ríkisreikningi að standa skil á allri hlutdeild lífeyrissjóða í álögðum tekjum af almennu tryggingagjaldi.

**09-721 Fjármagnstekjuskattur** **-170,0**

## 1.11 Fjármagnstekjuskattur

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem gjaldfærast hjá ríkissjóði vegna vaxtatekna, arðgreiðslna og söluhagnaðar eigna lækki um 170 m.kr. og verði 4.820 m.kr. á rekstrargrunni og 4.490 m.kr. á greiðslugrunni. Fjármagnstekjuskatturinn færast einnig á tekjuhlíð ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

**09-977 Bankasýsla ríkisins** **97,1**

## 1.01 Bankasýsla ríkisins

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 97,1 m.kr. framlag til Bankasýslu ríkisins til að fjármagna rekstur stofnunarinnar á næsta ári. Rekstraráætlun Bankasýslunnar gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði 97,1 m.kr. árið 2016, en 58,8 m.kr. árið 2015. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af því að á fyrri hluta ársins 2015 voru stöðugildi á bilinu 2-2,5 en gert er ráð fyrir að þau verði 4,5 allt árið 2016. Auknu umfangi fylgir einnig hærri rekstrarkostnaður, svo sem til sérfræðiþjónustu og ferðalaga. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2015 er tillaga um 26,5 m.kr. framlag til reksturs stofnunarinnar á seinni helmingi ársins 2015.

Í lögum um Bankasýslu ríkisins var upphaflega kveðið á um að hana skyldi leggja niður fimm árum eftir stofnun. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 var tekið mið af frumvarpi til laga um meðferð og sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem var til umfjöllunar á vorþingi. Í því var m.a. gert ráð fyrir að Bankasýsla ríkisins yrði lögð niður um mitt ár 2015 og að fjárveiting sem veitt var til rekstrar stofnunarinnar mundi falla niður á næsta ári. Einnig kom fram að framtíðarfyrirkomulag á stjórnarsýslu á þessu sviði yrði til skoðunar í haust. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar gerir ráð fyrir tímabundinni áframhaldandi starfsemi stofnunarinnar til þess að annast undirbúning á tillögu um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

**09-989 Ófyrirséð útgjöld****3.309,4**

## 1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 3.309,4 m.kr. fjárheimild til að mæta hækkun launakostnaðar árið 2016 vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á seinni hluta ársins 2015 umfram það sem var reiknað var með í frumvarpinu ásamt áætlaðri hækkun í kjarasamningum við nokkur félög sem enn er ósamið við. Samið hefur verið við nær öll félög ríkisstarfsmanna og gilda flestir kjarasamningar til loka mars 2019. Þá er einnig byggt á úrskurði Kjararáðs um laun æðstu embættismanna ríkisins og niðurstöðu Gerðardóms í ágúst sl. í kjaradeilu milli ríkisins og átján aðildarféлага Bandalags háskólanna (BHM) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH). Vegin meðallaunahækkun ríkisstarfsmanna á árinu 2015 eru þannig áætluð 11% á ársgrundvelli.

Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

**09-989 Ófyrirséð útgjöld****-1.158,7**

## 1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 1.158,7 m.kr. lækkun útgjalda vegna endurmats á gengisforsendum í frumvarpinu með hliðsjón af styrkingu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum á haustmánuðum. Í endurmatinu var miðað við miðgengi gjaldmiðla fyrsta virka dag nóvembermánaðar samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands. Samkvæmt því hefur gengisvísitalan lækkað um 5,9% frá frumvarpinu en samtals um 6,8% frá fjárlögum 2015. Þá hefur gengi evru lækkað um 7,7% frá fjárlögum samanborið við 4,7% lækkun í frumvarpinu. Á móti vegur að gengi dollars hefur hækkað um 4,6% frá fjárlögum og breska pundið um 1,2%. Þetta er nokkru minni hækkun en reiknað hafði verið með í forsendum fjárlagafrumvarpsins þar sem gengi dollars hafði hækkað um 8% en breska pundið um 4,9%.

Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

**09-989 Ófyrirséð útgjöld****-1.474,0**

## 1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 1.474 m.kr. lækkun útgjalda vegna endurmats á verðbólguþá Hagstofu Íslands í nóvember. Í frumvarpinu var annars vegar gert ráð fyrir að verðbólga ársins 2015 yrði 2% eða 0,7% lægri en í forsendum fjárlaga fyrir árið 2015. Ekki hafa verið gerðar leiðréttingar á fjárheimildum vegna þessa á yfirstandandi ári heldur var fjárlagagrunnurinn fyrir árið 2016 lækkaður sem þessu nemur. Nú er gert ráð fyrir að verðbólgan verði 1,7% eða 1% lægri en í forsendum fjárlaga 2015. Hins vegar er gert ráð fyrir að verðbólga milli árana 2015 og 2016 verði 3,2% eða 1,3% lægri en í forsendum fjárlaga. Samtals leiða þessar breytingar á þjóðhagsspánni til þess að almennar verðlagsforsendur lækka úr 3,79% í frumvarpinu í 2,2%.

Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

**09-989 Ófyrirséð útgjöld****2.262,2**

## 1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 2.262,2 m.kr. fjárheimild til að mæta launahækkunum árið 2016 samkvæmt kjarasamningum á árinu 2015 umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu og hækkun á atvinnuleysisbótum og bótum almennatrygginga. Varðandi kjarasamningana þá var í frumvarpinu miðað við launahækkunar þeirra kjarasamninga sem þá lágu fyrir þ.e. samningar við læknafélögin, framhaldsskólakennara, flugmenn og flugvirkja. Í tilvikum annarra stéttarféлага var miðað við tilboð Kjara- og mannaúðsýslu ríkisins (KMS) um launahækkunar á árinu 2016 sem nam 5,5% á ársgrundvelli en tæki gildi 1. júní. Í forsendum frumvarpsins var þannig gengið út frá því að vegin meðallaunahækkun ríkisstarfsmanna á árinu 2016 yrði 3,55% að teknu tilliti til þess að stærstur hluti hækkanna mundi eiga sér stað 1. júní. Nú er gert ráð fyrir að hækkunin á árinu 2016 verði nokkru hærra eða u.þ.b. 4,8%. Að meðtalinni 11% launahækkun á árinu 2015 nemur uppsöfnuð launahækkun 16,3% á árinu 2016 og 19% þegar hækkunirnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Innifalið í þessum hækkunum eru kjarasamningar við lækna og framhaldsskólakennara en að þeim félögum frátöldum nemur hækkunin 14,9% árið 2016 og 17,7% þegar áhrif hækkanna eru að fullu komin fram. Áætlað er að endurmat á launahækkunum ársins 2016 leiði til tæplega 2 mia.kr. útgjaldaaukningar umfram forsendur fjárlagafrumvarpsins. Að meðtöldum launahækkunum sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu og endurmetnum áhrifum launahækkana á árinu 2015 á ársgrundvelli við aðra umræðu er áætlað að samanlögð útgjaldaaukning vegna launahækkana ríkisstarfsmanna nemi 20,9 mia.kr. á árinu 2016. Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir því að atvinnuleysisbætur og bætur almennatrygginga hækki um 9,7% frá og með 1. janúar 2016 sem er 0,3% hærra en ráð var fyrir gert í forsendum frumvarpsins. Þessi breyting leiðir til ríflega 300 m.kr. útgjaldaaukningar fyrir árið 2016. Hækkunin tekur mið af endurmetinni þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í nóvember um þróun launavísitölu að frádregnu launaskriði, þ.e. hækkunum á meðaltöxtum, bæði á yfirstandandi ári og því næsta. Í því felst að meðallaunahækkun ársins 2015 umfram 3% hækkun bóta almennatrygginga í byrjun þessa árs er innifalin í hækkuninni í fjárlögum ársins 2016. Sé 3% hækkunin tekin með þá nemur uppsöfnuð hækkun á þessum tveimur árum 13%. Sé einnig litið til 3,5% hækkunar á árinu 2014 nemur uppsöfnuð hækkun 16,9%. Samtals er áætlað að útgjöld vegna hækkana atvinnuleysisbóta og bótum almennatrygginga nemi 10,1 mia.kr. á árinu 2016. Að meðtöldum útgjaldaáhrifum vegna heildarlaunahækkana á árinu 2016 er áætlað að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 32 mia.kr. vegna launa- og bótahækkana í fjárlögum ársins 2016. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í frumvarpinu eftir 2. umræðu.

**09-999 Ýmislegt****10,0**

## 1.26 Fræðslu- og orlofsjóðir

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár í tilefni af bókun 11 í kjarasamningi við Sjúkraliðafélag Íslands um tímabundna styrkingu á orlofsjóði félagsins.

**09-999 Ýmislegt 2,0**

## 1.26 Fræðslu- og orlofssjóðir

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár í fræðslusjóð Landsambands lögreglumanna. Tilefnið er bókun 3 í kjarasamningi við Landsamband lögreglumanna þar sem segir að tryggja eigi fjármagn til að standa straum af kostnaði við stuðningsteymi um gerð stofnanasamnings.

**Samtals fjármála- og efnahagsráðuneyti 2.879,0****14-101 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, aðalskrifstofa 6,0**

## 1.01 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárheimild til að styrkja innviði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna nýrrar löggjafar um opinber fjármál sem hefur það markmið að stuðla að bættri hagstjórn og styrki og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Tillagan felur í sér styrkingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins með hálfu stöðugildi. Alls er gert ráð fyrir að stöðugildum á aðalskrifstofum ráðuneyta fjölgi um sjö og hálf í þessu skyni.

**14-190 Ýmis verkefni 0,8**

## 1.44 Skógræktarfélag Íslands

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 0,8 m.kr. hækkun fjárheimildar Skógræktarfélags Íslands í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-190 Ýmis verkefni 5,0**

## 1.98 Ýmis framlög umhverfis- og auðlindaráðuneytis

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til til aukinnar umhverfisfræðslu á vegum ráðuneytisins.

**14-190 Ýmis verkefni****10,0**

## 1.98 Ýmis framlög umhverfis- og auðlindaráðuneytis

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 10 m.kr. hækkun fjárheimildar í þrjú ár til verkefnisins Bætt bókhald og spár um losun og kolefnisbindingu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið miðar að því að bæta losunarbókhald Íslands, sérstaklega á sviði landnotkunar og kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi og búa það undir nýjar og auknar kröfur í væntanlegu Parísarsamkomulagi og í evrópskum reglum sem Ísland mun þurfa að taka upp. Gert verður samkomulag til tveggja ára við Landbúnaðarháskóla Íslands um bætt bókhald varðandi landnotkun. Þá þarf að gera reglulegar spár um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda samkvæmt nýjum kröfum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Slíkar spár hafa tvívegis verið gerðar hér á landi, en nýjar kröfur kveða á um örari spár með bættri aðferðarfræði. Spár auðvelda einnig mat á hagkvæmstu leiðum við að standa við kröfur um minnkun nettólosunar. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-190 Ýmis verkefni****10,0**

## 1.98 Ýmis framlög umhverfis- og auðlindaráðuneytis

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 10 m.kr. hækkun fjárheimildar í þrjú ár til verkefnisins Loftslagsvænni landbúnaður sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Loftslagsvænni landbúnaður miðar að því að unninn verði vegvísir um minnkun losunar í landbúnaði með samvinnu stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2018.

**14-190 Ýmis verkefni****10,0**

## 1.98 Ýmis framlög umhverfis- og auðlindaráðuneytis

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 10 m.kr. hækkun fjárheimildar í þrjú ár til verkefnisins Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun verður unnið á vegum Hafsins - öndvegisseturs um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins. Farið verður yfir tækifæri og hindranir við að draga úr losun í sjávarútvegi með innleiðingu nýrrar loftslagsvænnar tækni og markvissra aðgerða á öðrum sviðum, með það að markmiði að draga úr losun koltvíoxíðs um 40% til ársins 2030 miðað við árið 1990. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2018.

**14-211 Umhverfisstofnun****4,0**

## 1.01 Umhverfisstofnun

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 4 m.kr. hækkun fjárheimildar Umhverfisstofnunar í þrjú ár til verkefnisins Átak gegn matarsóun sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Matarsóun veldur óþarfa álagi á umhverfið, m.a. hvað varðar meiri losun gróðurhúsalofttegunda en ella. Ef gert er ráð fyrir að losun á hvern íbúa á Íslandi sé sambærileg við meðallosun á hvern íbúa Evrópu er losun frá matarsóun Íslendinga á ári hverju áætluð rúmlega 200 Gg koltvíoxíðígilda, sem jafngildir um 5% af árlegri heildarlosun Íslands árið 2013. Verkefni á vegum Umhverfisstofnunar sem og fleiri aðila hafa að markmiði að draga úr matarsóun með fjölpættum aðgerðum sem gætu lækkað útgjöld almennings og stofnana og dregið um leið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2018.

**14-211 Umhverfisstofnun**

2,5

## 5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun framlags til Umhverfisstofnunar vegna tekna af gistináttaskatti. Áætlað er að á árinu 2016 verði innheimtar tekjur af gistináttaskatti 315 m.kr. Það er 45 m.kr. meira en reiknað var með í frumvarpinu. Lög nr. 75/2011 mæla fyrir um að framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skuli nema 3/5 hluta tekna af gistináttaskatti og samkvæmt stefnumörkun í tengslum við álagningu skattsins hefur verið miðað við að fjárveitingu sem svari til 2/5 hluta innheimtra tekna af skattinum verði skipt þannig að forsætisráðuneyti fái 30% til þjóðgarðsins á Þingvöllum en umhverfis- og auðlindaráðuneyti 70% til framkvæmda í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið fái 88,2 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2016 sem er 12,6 m.kr. hækkun framlags frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að hækkunin skiptist þannig að Umhverfisstofnun fái 2,5 m.kr. og Vatnajökulsþjóðgarður 10,1 m.kr.

**14-212 Vatnajökulsþjóðgarður**

17,0

## 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 17 m.kr. hækkun fjárheimildar Vatnajökulsþjóðgarðs í eitt ár til verkefnisins Jöklar Íslands - lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Með verkefninu Jöklar Íslands - lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar er leitast við gera áhrif loftslagsbreytinga sýnileg. Loftslagsbreytingar eru að mörgu leyti ósýnilegur vandi þótt áhrifa þeirra gæti nær alls staðar á jörðinni. Íslenskir jöklar hafa rýrnað undanfarin ár og er gert ráð fyrir rýrnunin verði jafnvel hraðari í framtíðinni. Búskapur jökla á Íslandi hefur mikið fræðslugildi. Jökulsporðar hafa verið vaktadír um langa hríð, en samt er búskapur þeirra og afrennsli ekki nægjanlega þekkt. Bætt vöktun á búskap jökla getur skilað ávinningi varðandi nýtingu vatnsafls, eftirlit með náttúruvá og á fleiri sviðum, en í þessu verkefni er sérstaklega horft til þess að niðurstöðurnar verði gerðar sýnilegar og nýttar til almannafræðslu, í ferðaþjónustu og sem framlag Íslands til alþjóðlegs samstarfs um mælingar á jöklabreytingum.

**14-212 Vatnajökulsþjóðgarður****6,0**

## 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 6 m.kr. hækkun fjárheimildar Vatnajökulsþjóðgarðs í eitt ár til verkefnisins Vísindaskýrsla um afleiðingar loftslagsbreytinga sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Vísindaleg úttekt á afleiðingum loftslagsbreytinga á náttúru, efnahag og samfélag á Íslandi verður gefin út haustið 2016. Stefnt er að því að skýrslan verði viðamesta úttekt á líklegum áhrifum loftslagsbreytinga til þessa. Sérstakur kafli verður í skýrslunni um súrnun hafsins og líklegar afleiðingar hennar.

**14-212 Vatnajökulsþjóðgarður****10,1**

## 6.41 Framkvæmdir

*Breyttar forsendur**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10,1 m.kr. hækkun framlags til Vatnajökulsþjóðgarðs vegna tekna af gistináttaskatti. Áætlað er að árið 2016 verði innheimtar tekjur af gistináttaskatti 315 m.kr. Það er 45 m.kr. meira en reiknað var með í frumvarpinu. Lög nr. 75/2011 mæla fyrir um að framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skuli nema 3/5 hluta tekna af gistináttaskatti og samkvæmt stefnumörkun í tengslum við álagningu skattsins hefur verið miðað við að fjárveitingu sem svari til 2/5 hluta innheimtra tekna af skattinum verði skipt þannig að forsætisráðuneyti fái 30% til þjóðgarðsins á Þingvöllum en umhverfis- og auðlindaráðuneyti 70% til framkvæmda í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið fái 88,2 m.kr. til ráðstöfunar á árinu 2016 sem er 12,6 m.kr. hækkun framlags frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að hækkunin skiptist þannig að Umhverfisstofnun fái 2,5 m.kr. og Vatnajökulsþjóðgarður 10,1 m.kr.

**14-212 Vatnajökulsþjóðgarður****75,0**

## 6.41 Framkvæmdir

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 75 m.kr. tímabundna fjárheimild til byggingar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri. Í 16. grein laga um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, segir m.a. "Meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins skulu staðsettar á eftirtöldum sex stöðum: Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri, Hornafirði, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri." Eftir er að byggja tvær af þessum starfsstöðvum, þ.e. á Kirkjubæjarklaustri og við Mývatn. Upphaflega var gert ráð fyrir byggingu 1.590 fermetra þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri sem yrði miðstöð rannsókna, fræðslu, menningar og upplýsingaþjónustu auk gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs og byggist frumathugun Framkvæmdasýslu ríkisins frá því í október 2013 á þeirri hugmynd. Þekkingarsetrið átti að byggjast upp í samstarfi við ýmsa samstarfsaðila. Nú hefur verið fallið frá þeirri hugmynd og þess í stað verður einungis byggð upp gestastofa ásamt skrifstofurými þjóðgarðsvarða. Þó verður í hönnun stofunnar gert ráð fyrir að í síðari áfanga verði hægt að stækka húsnæðið til að bæta við ýmiss konar fræða- og menningarstarfsemi eins og upphafleg áætlun um þekkingarsetrið gerði ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að byggingin verði um 700 fermetrar og hluti af henni verði sýningarsalir sem rúmi a.m.k. 200 manns. Heildarkostnaður er áætlaður um 450 m.kr. og fyrirhugað er að gestastofan verði tekin í notkun á árinu 2018.



**14-231 Landgræðsla ríkisins**

20,0

1.01 Landgræðsla ríkisins  
*Ákvarðanir ríkisstjórnar*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 20 m.kr. hækkun fjárheimildar Landgræðslu ríkisins í þrjú ár til verkefnisins Endurheimt votlendis sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Endurheimt votlendis byggist á vinnu starfshóps sem hefur kortlagt vænleg svæði til endurheimtar, m.a. á þjóðlendum. Áfram verður unnið að kortlagningu framræstra svæða sem koma til til greina við endurheimt votlendis í samvinnu við bændur, landeigendur og náttúruverndarsamtök. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2018.

**14-231 Landgræðsla ríkisins**

32,7

1.01 Landgræðsla ríkisins  
*Ákvarðanir ríkisstjórnar*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 32,7 m.kr. hækkun fjárheimildar Landgræðslu ríkisins í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-241 Skógrækt ríkisins**

76,0

1.01 Skógrækt ríkisins  
*Breyttar forsendur*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 76 m.kr. fjárheimild fyrir Skógrækt ríkisins í fjögur ár vegna andvirði eignarnámsbóta fyrir jörðina Straum í Hafnarfirði. Skógrækt ríkisins hefur fengið greiðslur frá Hafnarfjarðarbæ vegna bótanna en í byrjun árs 2014 náði stofnunin endanlegu samkomulagi um fjárhæð þeirra. Eftirstöðvar bótanna í ársbyrjun 2014 voru um 408 m.kr. Árið 2014 greiddi Hafnarfjarðarbær Skógrækt ríkisins 110 m.kr. og árin 2015-2017 munu heildargreiðslur nema 120 m.kr. á ári. Um ríkistekjur er að ræða en jörðin var gefin Skógrækt ríkisins á sínum tíma og í samræmi við vilja gefanda verður andvirði eignarnámsbótanna ráðstafað til verkefna á sviði skógræktar. Þar sem eignarnámsbæturnar eru enn sem komið er greiddar Skógræktinni beint í stað þess að þær renni í ríkissjóð er gert ráð fyrir að greiðslur vegna fjárheimildarinnar verði skuldajafnaðar á móti skuld Skógræktar ríkisins við ríkissjóð sem myndast vegna þessa fyrirkomulags.

**14-241 Skógrækt ríkisins**

3,2

1.01 Skógrækt ríkisins  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lögð er til tímabundin 3,2 m.kr. hækkun fjárheimildar Skógræktar ríkisins í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-243 Hekluskógar**

4,9

1.01 Hekluskógar  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lögð er til tímabundin 4,9 m.kr. hækkun fjárheimildar Hekluskóga í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-251 Héraðs- og Austurlandsskógar**

6,4

1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lögð er til tímabundin 6,4 m.kr. hækkun fjárheimildar Héraðs- og Austurlandsskóga í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-252 Suðurlandsskógar**

3,1

## 1.01 Suðurlandsskógar

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 5,1 m.kr. hækkun fjárheimildar Suðurlandsskóga í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-253 Vesturlandsskógar**

3,5

## 1.01 Vesturlandsskógar

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 3,5 m.kr. hækkun fjárheimildar Vesturlandsskóga í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-254 Skjólaskógar á Vestfjörðum**

2,2

## 1.01 Skjólaskógar á Vestfjörðum

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til tímabundin 2,2 m.kr. hækkun fjárheimildar Skjólaskóga á Vestfjörðum í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

<b>14-255 Norðurlandsskógar</b>	<b>6,2</b>
1.01 Norðurlandsskógar <i>Ákvörðunir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lögð er til tímabundin 6 m.kr. hækkun fjárheimildar Norðurlandsskóga í þrjú ár til verkefnisins Efling skógræktar og landgræðslu sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og er sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefnið Efling skógræktar og landgræðslu miðar m.a. að því að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Samtals er gerð tillaga um 65 m.kr. til verkefnisins á nokkrum fjárlagaliðum. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.
<b>14-403 Náttúrustofur</b>	<b>2,5</b>
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Austurlands til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.
<b>14-403 Náttúrustofur</b>	<b>2,5</b>
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Suðurlands til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.
<b>14-403 Náttúrustofur</b>	<b>2,5</b>
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Vestfjarða til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.
<b>14-403 Náttúrustofur</b>	<b>2,5</b>
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Vesturlands til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.
<b>14-403 Náttúrustofur</b>	<b>2,5</b>
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Norðurlands vestra til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.
<b>14-403 Náttúrustofur</b>	<b>2,5</b>
1.15 Náttúrustofa Sandgerði <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Suðvesturlands til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.

**14-403 Náttúrustofur**

2,5

## 1.16 Náttúrustofa Húsavík

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Norðausturlands til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.

**14-403 Náttúrustofur**

2,5

## 1.17 Náttúrustofa Höfn í Hornafirði

Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Alþingi

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Suðausturlands til vaxandi verkefna við vöktun og úrvinnslu rannsóknargagna. Samtals eru lagðar til 25 m.kr. til að styrkja rekstur náttúrustofa.

**14-412 Veðurstofa Íslands**

13,0

## 1.01 Almennur rekstur

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lögð er til tímabundin 13 m.kr. hækkun fjárheimildar Veðurstofu Íslands í þrjú ára til verkefnisins Jökla Íslands - lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Með verkefninu Jökla Íslands - lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar er leitast við gera áhrif loftslagsbreytinga sýnileg. Loftslagsbreytingar eru að mörgu leyti ósýnilegur vandi, þótt áhrifa þeirra gæti nær alls staðar á jörðinni. Íslenskir jökla hafa rýrnað undanfarin ár og er gert ráð fyrir rýmunin muni jafnvel verða hraðari í framtíðinni. Jökulsporðar hafa verið vaktar um langa hríð, en samt er búskapur þeirra og afrennsli ekki nægjanlega þekkt. Vöktun jökla verður efla m.a. með nýtingu reglulegra gervihnattarmælinga og þátttöku í hnattrænu verkefni Alþjóðaveðurmálastofnunarinnar (WMO) um vöktun á jöklum, ís og snjó. Stefnt er að því að niðurstöður úr vöktun jökla verði gerðar sýnilegar, m.a. í gestastofum þjóðgarða, þar sem jökla landsins verði sýndir sem eins konar sýritandi mælar og lifandi kennslustofur um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

**14-412 Veðurstofa Íslands****15,0**

## 1.01 Almennur rekstur

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til tímabundin 15 m.kr. hækkun fjárheimildar Veðurstofu Íslands í þrjú ár til verkefnisins Aðlögun að loftslagsbreytingum sem er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum. Sóknaráætlunin er til þriggja ára og sett fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21) þar sem reynt verður að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til ársins 2030 miðað við árið 1990. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkefnum í sóknaráætlun og samtals er lögð til 250 m.kr. fjárveiting í verkefni hennar. Verkefninu Aðlögun að loftslagsbreytingum verður stýrt af Veðurstofu Íslands og nær til þess hvernig íslenskt samfélag getur brugðist við áhrifum loftslagsbreytinga hér á landi. Þegar sjást ýmis merki langtímabreytinga á loftslagi og spár gera ráð fyrir áframhaldandi breytingum sem bregðast þarf við. Aðlögun að loftslagsbreytingum snýst um að draga úr tjóni vegna líklegra breytinga og nýta þjóðinni til hagsbóta þær breytingar sem gefa tilefni til slíks. Sums staðar er þegar tekið tillit til breytinga á náttúrufari í framtíðinni, en það hefur ekki verið gert á heildstæðan hátt til þessa. Verkefnið mun felast m.a. í samhæfingu á rannsóknum og eftirliti á náttúrufarsbreytingum, gerð sviðsmynda um líklega þróun loftslags á Íslandi og úttekt á aðlögunarþörf í samráði við hagsmunaaðila vegna afleiðinga loftslagsbreytinga hér á landi, svo sem breytinga á sjávarstöðu, gróðurfari og jöklum. Fagrað verður skipað til að tryggja samhæfingarhlutverk verkefnisins. Gert er ráð fyrir að framhald verkefnisins verði endurmetið þegar gildistíma sóknaráætlunarinnar lýkur árið 2018.

***Samtals umhverfis- og auðlindaráðuneyti 364,6*****19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs****-1.815,0**

## 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Hagrænt eða kerfislaegt

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Við endurskoðun áætlunar um vaxtagjöld er gert ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs lækki úr 74,4 mia.kr. í 72,6 mia.kr. á rekstrargrunni frá því sem reiknað var með í frumvarpinu. Samkvæmt nýrri áætlun lækka greiddir vextir úr 74,8 mia.kr. í 73,4 mia.kr. Ástæða lækkunarinnar er einkum spá um lægri stýrivexti en reiknað var með í spánni sem frumvarpið byggðist á en meðalvextir ársins 2016 eru heilu prósentustigi lægri og lækka úr 7,9% í 6,9%.

***Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs -1.815,0******Samtals öll ráðuneyti 8.802,7***

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 5. desember 2015.

Vigdís Hauksdóttir,  
form., frsm.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Ásmundur Einar Daðason.

Haraldur Benediktsson.

Páll Jóhann Pálsson.

Valgerður Gunnarsdóttir.